# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**24. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 1. desember 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann, Sigurbjartur Pálsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
a) Lögð fram fundargerð 33. fundar hreppsráðs 13/11´03, sem er í 13 liðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Lögð fram fundargerð 34. fundar hreppsráðs 27/11´03, sem er í 16 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
Engar fundargerðir liggja fyrir.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Þjónustuhópur aldraðra - fundur 19/11´03, sem er í 3 liðum.
Meðfylgjandi er umsögn þjónustuhópsins um uppbyggingu hjúkrunarrýma við Dvalarheimilið Kirkjuhvol á Hvolsvelli, dagsett 19/11´03.

Fram kemur að erindið verður tekið upp í stjórn Lundar á næsta fundi hennar.

b) Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - 7. ársfundur 6/11´03 - 21. stjórnarfundur 25/9´03 - 22. stjórnarfundur 5/11´03 - 23. stjórnarfundur 19/11´03.

**4. Álagningarprósentur, afslættir og gjaldskrár fyrir árið 2004:**
***Tillaga um álagningarprósentur, aflsætti og gjaldskrár árið 2004:***
***1.*** *Útsvar; 12,99%.*
***2.*** *Fasteignaskattur;*
***A*** *- 0,4% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, sumarhús, allt með tilh. lóðum og lönd og útihús í landbúnaði,*
***B*** *- 1,32% af fasteignamati á atvinnuhúsnæði, gistihús og gistiskála, hesthús á Hellu, allt með tilh. lóðum.*
***3.*** *Lóðarleiga; 1% af fasteignamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguhlutfall eða álagningu í krónutölu á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.*
***4.*** *Vatnsgjald; 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins eða í sameign þess og annarra sveitarfélaga sbr. ákv. 7. gr. laga nr. 81/1991 m. br. skv. ákv. 3. gr. laga nr. 149/1995.*
***5.*** *Aukavatnsgjald hjá stórnotendum (s. s. sláturhúsum og kartöfluverksmiðjum) skal vera kr. 16 fyrir hvern notaðan rúmmetra af vatni sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 421/1992 m.v. vísitölu neysluverðs í nóv. 2003, 287,8. Gjalddagi er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar.*
***6a.*** *Lágmarksheimæðargjald (jafnaðargjald) vatnsveitu á Hellu, í Þykkvabæ, Rauðalæk og að Laugalandi sbr. reglugerð nr. 421/1992, 175/1994 og 614/1996 er kr. 164.173 m.v. 32mm þvermál og allt að 25 metra lengd heimæðar. Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar. Gjaldið breytist um sama hlutfall og byggingarvísitala í nóv. 2003, 287,8.*
*Heimilt er að dreifa greiðslum heimæðargjalda skv. þessari grein á allt að 2 ár.*
***6b.*** *Lágmarksheimæðargjald fyrir býli þar sem aðeins íbúðarhúsnæði er tengt veitu með að*

*hámarki 32mm inntaki er kr. 246.260. Lágmarksheimæðargjald (jafnaðargjald) fyrir býli og atvinnustarfsemi í dreifbýli er kr. 492.555 m.v. þvermál heimæðar allt að 63mm. Heimæðargjald fyrir tvíbýli eða fleirbýli er kr. 656.690 m.v. að þvermál heimæðar að hverju býli fari ekki yfir 63mm og skal skipta heimæðargjaldinu jafnt á milli viðkomandi býla eða með öðrum hætti ef ábúendur eða eigendur óska eftir því. Heimæðargjald sumarbústaða á sama svæði skal vera kr. 246.260 og þvermál heimæða skal ekki vera meira en 32mm. Heimæðargjöldin hækka í samræmi við aukinn sverleika heimæðar. Gjaldið breytist með byggingarvísitölu í nóv. 2003, 287,8.*
*Heimilt er að dreifa greiðslum heimæðargjalda býla með fullt gjald á allt að 5 ár og býla þar sem íbúðarhús eitt er tengt og sumarbústaða á allt að 3 ár.*
*Gjalddagi liða nr. 6a og 6b er tengidagur og eindagi 30 dögum síðar.*
***6c.** Tengigjöld í Holtaveitu eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá.*
***7.** Holræsagjald á Hellu; 0,15% af fasteignamati húss og tilh. lóðar og tímabundið framkvæmdagjald; 0,10% af fasteignamati húss og tilh. lóðar.*
***8.** Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.*
*Gjalddagar liða nr. 2, 3, 4 og 7 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6 og 1/7 2004. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 6.999 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi þ. 1. maí 2004.*
*Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.*
*Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.*
*Gjaldendum sem ljúka greiðslu allra fasteignagjalda sinna í síðasta lagi 27. febrúar 2004 skal veittur 3% afsláttur af heildarupphæð gjaldanna (er aukinn afsláttur hjá öldruðum og öryrkjum).*
***9.** Hundaleyfisgjald skv. sérstakri gjaldskrá.*
*Gjalddagi hundaleyfisgjalds er 1. mars og eindagi 31. mars fyrir hunda sem eru á skrá um áramót. Gjalddagi vegna hunda sem skráðir verða á árinu er skráningardagur og eindagi 30 dögum síðar.*
***10.** Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafulltrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá.*
*Gjalddagar eru dags. reikninga og eindagar 30 dögum síðar.*
*Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði.*
*Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana sveitarstjórnar, þ.e. á töflu í afgreiðslu Rangárþings ytra.*

***Tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2004:***
***1. gr.***
*Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárþingi ytra, sbr. samþykkt nr. 44/2002 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2004, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:*

| | | |
|---|---|---|
| ***a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli m.v. 1 poka á viku*** | ***KR.*** | ***9.430*** |
| ***b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki*** | ***KR.*** | ***4.715*** |
| ***c) Sumarhús*** | ***KR.*** | ***3.143*** |
| ***d) Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)*** | ***KR.*** | ***9.430*** |
| ***e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald fyrir förgun sorps. (annast sjálf leigu gáma og flutning á förgunarstað)*** | ***KR.*** | ***35.279*** |

*Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.*
***2. gr.***
*Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þ. 01.12. 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2004 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þ. XX. XXXXXXX 2003.*

***Tillaga að gjaldskrá fyrir hundahald á Hellu árið 2004:***
***1. gr.***
*Gjald fyrir að halda hund sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 45/2002, skal á árinu 2004 vera **kr. 9.300.-** Gjalddagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.*
*Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.*
***2. gr.***
*Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þ. 01.12. 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2004 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þ. XX. XXXXXXXXX 2003.*

Samþykkt að bera sérstaklega upp fyrsta lið, um álagningarprósentur og gjaldskrár og síðan í einu lagi liði 2 til 10 ásamt tillögunum um gjaldskrár vegna sorps og hundahalds.

Breytingartillaga vegna tillögu meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra um hækkun á útsvarsprósentu.

*Meirihluti sveitarstjórnar Rangárþings ytra leggur til að útsvarsprósentan hækki úr 12,4% í 12,99% sem er hækkun um 4,7% milli ára. Undirritaðir fulltrúar minnihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra mótmæla þessari hækkun sem lögð er til vegna 2004.*
*Við undirritaðir förum fram á að staðið verði við þá útsvarsprósentu (12,4%) sem fram kom í sameiningarbæklingnum og var að okkar mati ein aðalforsenda fyrir því að sameining sveitarfélaganna þriggja varð að veruleika.*
*Eggert V. Guðmundsson, Heimir Hafsteinsson og Viðar H. Steinarsson.*

Breytingatillagan er felld. 3 með, 5 á móti, 1 situr hjá (L.B.).

Tillaga um útsvarsprósentu skv. 1. lið borin upp: Samþykkt með 5 atkvæðum, 3 á móti og 1 sat hjá (LB).

Bókun vegna samþykktar meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra um hækkun á útsvarsprósentu.

*Við undirritaðir mótmælum harðlega auknum skattaálögum á einstaklinga í sveitarfélaginu, sem meirihluti hreppsnefndar stendur fyrir með því að hækka útsvarsprósentu um 4,7% á milli ára. Með því er verið að svíkja gefin fyrirheit sem fram komu í sameiningartillögu sveitarfélaganna og var ein aðalástæða þess að sameiningin var samþykkt. Ef sveitarsjóð vantar fé þá höfum við margbent á möguleika með því að hagræða í rekstri og niðurskurð á yfirstjórn.*
*Eggert V. Guðmundsson, Heimir Hafsteinsson og Viðar H. Steinarsson.*

Bókun meirihluta hreppsnefndar Rangárþings ytra á hreppsnefndarfundi 1. desember 2003 í tilefni af bókun fulltrúa K og Ó lista um auknar skattaálögur.

*Við undirbúning að sameiningu sveitarfélaganna fjögurra Ásahrepps, Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps var gefið fyrirheit um að útsvarsprósenta yrði 12,4%. Við það, að Ásahreppur varð ekki með í sameiningunni, breyttust fjárhagslegar forsendur sem gefnar höfðu verið.*
*Forsendur í rekstri sveitarfélaga hafa breyst frá því að þrjú sveitarfélög sameinuðust í Rangárþing ytra. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa verið skert. Auknar kröfur hafa komið fram um aðgerðir í umhverfismálum og kröfur um þjónustu grunn- og leikskóla aukast með hverju ári svo fátt eitt sé nefnt.*
*Nauðsynlegt er að rekstur sveitarfélagsins standi undir sér og sveitarstjórn ber ábyrgð á því að svo sé ef mögulegt er. Leitað er hagræðingar í rekstrinum á öllum sviðum.*
*Óhjákvæmilegt hefur reynst að hækka útsvar um 0,59 prósentustig á árinu 2004. Útsvarið verður þó ekki hærra en 12,99% sem er lægra en í meirihluta sambærilegra sveitarfélaga.*
*Valtýr Valtýsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson og Guðmundur I. Gunnlaugsson*

Tillögur skv. liðum nr. 2 - 10 og um gjaldskrár um sorp og hundahald samþykktar með 6 atkvæðum, 3. sitja hjá (VHS, EVG og HH).

**5. Frá vinnunefnd um val á umsækjanda um starf skipulags- og byggingafulltrúa:**
Lögð fram fundargerð vinnunefndar, dagsett 17/11´03, um val á umsækjenda um starf skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra.
Nefndin leggur til að fyrst verði gengið til viðræðna við Ólaf Elvar Júlíusson, kt. 141158-7599.

Samþykkt samhljóða.

**6. Deiliskipulag miðbæjar Hellu - hringtorg og tengingar við þjóðveg nr. 1 - tillögur frá Arkform ehf.:**
Lagðar fram 11 tillögur frá Arkformi ehf., sem lagðar hafa verið fyrir Vegagerðina um deiliskipulag, hringtorg og tengingar við þjóðveg 1 á Hellu.
Einnig er lagt fram minnisblað frá fundi þingmanna Suðurkjördæmis og fulltrúa Vegagerðarinnar 28/10´03, um hringtorg við Hellu o.fl.

Samþykkt samhljóða að fela Sigurbjarti Pálssyni, Lúðvík Bergmann og Heimi Hafsteinssyni að vinna að tillögu.

**7. Frá íbúum á Hellu 11/11´03 - umsókn um uppsetningu á biðskýli:**
Lagður fram undirskriftarlisti móttekinn 11/11´03, þar sem íbúar við Sanda og Öldur á Hellu óska eftir því að sett verði upp biðskýli fyrir framhaldsskólanema sem nota skólarútu.

Samþykkt samhljóða að fela eignaumsjón að vinna að lausn málsins.

**8. Mosfell ehf. - um álagningu fasteignaskatts:**
Lagt fram bréf frá Mosfelli ehf, dagsett 6/11´03, varðandi álagningu fasteignaskatts.

Lögð fram tillaga að svari til Mosfells ehf.

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum 3 sitja hjá (V.H.S., E.V.G. og H.H.).

**9. Börn Hannesar Árnasonar - ósk um kaup á Tjörvastaðahólma:**
Fram er lagt bréf frá börnum Hannesar Árnasonar, dagsett 7/9´03, með ósk um kaup á Tjörvastaðahólma.
Lögð fram ýmis gögn er varða eignarhald á Tjörvastaðahólma, sbr. bókun hreppsráðs 24/9´03.

Samþykkt samhljóða að óska eftir frekari upplýsingum frá sýslumanni og afgreiðslu erindisins frestað á meðan.

**10. Eikarás ehf. - umsókn um lóð:**
Lögð fram umsókn Eikaráss ehf., dagsett 25/11´03, um lóðina að Sigöldu 1, Hellu.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (L.B. og H.H.).

**11. Fundir hreppsnefndar í desember 2003:**

Rætt um fundartíma hreppsnefndar í desember.

**12. Þröstur Sigurðsson, f.h. Heimis Hafsteinssonar - umræða um svar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands v/fyrirspurnar um FÍVR:**
Lagt fram bréf frá Þresti Sigurðssyni, dagsett 26/11´03, vegna fyrirspurnar um ferðamálaverkefni 1998-2000, þar sem óskað er eftir því að svar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands verði tekið til umræðu.

Lagt fram bréf frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, dagsett 22/10´03, þar sem svarað er fyrirspurn frá fulltrúum Ó og K lista, dagsett 23/6´03, ásamt fundargerðum verkefnisins og yfirlit um fjárhag þess.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

*Við undirritaðir leggjum til að sveitarfélögin, sem stóðu að verkefninu þ.e. Ásahreppur og Rangárþing ytra, beiti sér fyrir því að lokaskýrsla verkefnisins verði lögð fram og kynnt, þannig að hægt sé að loka verkefninu á formlegan hátt.*
*Eggert V. Guðmundsson, Heimir Hafsteinsson og Viðar H. Steinarsson.*

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (I.P.G., S.P. og E.O.).

**13. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**
a) Samband íslenskra sveitarfélaga 24/11´03 - skiptinámsdvöl fyrir stjórnendur í norrænum sveitarfélögum.

Til kynningar.

b) Stígamót 21/11´03 - umsókn um styrk.

Samþykkt samhljóða að veita styrk kr. 15.000.-.

c) SÍBS 25/11´03 - umsókn um styrk.

Hafnað.

d) K - Ó listar - Oddaverjar 26/11´03 umsókn um styrk vegna útgáfu- og kynningarmála.

Samþykkt samhljóða að verða við beiðninni og vísa henni til fjárhagsáætlunar fyrir árið 2004.

**14. Annað efni til kynningar:**
a) Hreppsnefnd Ásahrepps 24/11´03 - staðfesting á samþykktum og stofnsamningi atvinnu- og ferðamálaverkefnis.
b) Hreppsnefnd Mýrdalshrepps 21/11´03 - staðfesting á samþykktum og stofnsamningi atvinnu- og ferðamálaverkefnis.
c) Ægisdyr, áhugafélag um vegtengingu milli lands og eyja 24/11´03 - þakkir vegna styrks o.fl.
d) Skipulagsstofnun 24/11´03 - leiðbeiningar um gerð aðalskipulags - ferli og aðferðir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**23. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 3. nóvember 2003, kl. 16:00.

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Valtýs Valtýssonar, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann, Sigurbjartur Pálsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Engilbert Olgeirsson, varaoddviti, setti fund í fjarveru Valtýs Valtýssonar, oddvita. Kynnti tillögu að breytingu á dagskrá; viðbót við 3. lið.

Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
Lögð fram fundargerð 32. fundar hreppsráðs 23/10´03, sem er í 17 liðum.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Atvinnu- og ferðamálanefnd - 12. fundur 2/09´03, sem er í 4 liðum.
Einnig lagt fram minnisblað með rökstuðningi fyrir tillögum að úthlutun úr Atvinnueflingarsjóði Rangárþings ytra fyrir árið 2003.

Samþykkt samhljóða.

b) Íþrótta- og æskulýðsnefnd - 12. fundur 21/10´03, sem er í 4 liðum.

Samþykkt samhljóða.

c) Umhverfisnefnd - 20. fundur 22/10´03, sem er í 6 liðum.

Fundargerðin samþykkt samhljóða og óskað eftir nánari útfærslu á 6 lið.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Fræðslunefnd - 22. fundur 22/10´03, sem er í 7 liðum.
b) Félagsmálanefnd - 20. fundur 22/10´03, sem er í 3 liðum.
c) Stjórn Atvinnu- og ferðamálaverkefnis - 1. fundur 14/10´03, sem er í 4 liðum.
d) Stjórn Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu - 6. fundur 22/10´03 sem er í 2 liðum.
e) Stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands - 67. fundur 22/10´03, sem er í 5 liðum og 68. fundur 27/10´03, sem er í 2 liðum.
f) Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands - 223. fundur 17/10´03, sem er í 7 liðum.
g) Stjórn Hitaveitu Rangæinga - 12. fundur 28/10´03, sem er í 4 liðum.
h) Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 707. fundur 17/10´03, sem er í 38 liðum.
i) Stjórn SASS - 330. fundur 29/10´03 og dagskrá aðalfundar.

**4. Tillaga að reglum um fjárhagsaðstoð:**
Lögð fram tillaga að reglum um félagslega fjárhagsaðstoð Rangárþings ytra sk. beið b í leiðbeiningum félagsráðuneytisins.

Samþykkt samhljóða.

**5. Tillaga um fjárhæðir í húsaleigubótum á árinu 2004:**
Lögð fram tillaga um að húsaleigubætur árið 2004 verði skv. grunnfjárhæðum sem félagsmálaráðuneytið ákveður.

Samþykkt samhljóða.

**6. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. - aukið landrými að Strönd:**
Lagt fram bréf, dagsett 29/10´03, frá Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. þar sem óskað er eftir viðræðum við Rangárþing ytra um aukið landrými að Strönd.

Guðmundur I. Gunnlaugsson, tekur ekki þátt í afgreiðslu erindissins vegna vanhæfis (formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.).

Samþykkt samhljóða að fela oddvita að ganga til viðræðna við fulltrúa Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

**7. Frá íbúum á Hellu 11/11´03 - umsókn um uppsetningu á biðskýli:**
Lagt fram bréf frá reiðveganefnd, dagsett 24/10´03, þar sem óskað er eftir úthlutun á framlagi fyrir árið 2003.

Samþykkt samhljóða að fela samgöngunefnd að ræða við Reiðveganefndina um framkvæmdir ársins, kostnað við þær og þátttöku Rangárþings ytra.

**8. Landgræðsla ríkisins - umsókn um þátttöku í kostnaði við uppsetningu ljósastaura:**
Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 27/10´03, þar sem áréttað er fyrra erindi um götulýsingu í Gunnarsholti. Sótt er um styrk vegna uppsetningar á 8 ljósastaurum.

Ekki er gert ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun Rangárþings ytra 2003, auk þess sem þetta verkefni tilheyrir Vegagerðinni að mati sveitarstjórnar.
Erindinu vísað til samgöngunefndar og henni falið að þrýsta á Vegagerðina um meiri veglýsingu við umferðaþyngstu vegamót í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

**9. Oddaverjar- aðgangur að fréttabréfi:**
Bréf, dagsett 2/10´03, frá Oddaverjum, áður Ó og K listum, með ósk um aðgang að fréttabréfi Rangárþings ytra til þess að fjalla um málefni sveitarstjórnar og starfsemi sveitarfélagsins auk þess að skýra frá starfi og helstu viðburðum hjá Oddaverjum.

Beiðninni er hafnað. 3 atkvæði með, 5 á móti, 1 situr hjá (L.B.).

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

*Í ljósi þess að meirihluti sveitarstjórnar Rangárþings ytra hefur nú hafnað lýðræðislegri beiðni fulltrúa Ó og K lista um að koma að sínum sjónarmiðum um málefni sveitarfélagsins í fréttablaði hreppsins, leggja undirritaðir til að útgáfu þess verði hætt nú þegar og fjármunum sem þannig sparast verði varið í eitthvað þarfara.*
*Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson og Eggert V. Guðmundsson.*

Tillagan er felld. 3 atkvæði með, 6 á móti.

Guðmundur I. Gunnlaugsson óskar eftir því að eftirfarandi verði bókað vegna afstöðu hans til beiðni Oddaverja um aðgang að fréttabréfinu:

*Fréttabréfið er hlutlaus miðill, sem aðekki er hentugur vettvangur fyrir skoðanaskipti pólitískra afla. Ef um fréttir eða tilkynningar er að ræða um viðburði á vegum listanna sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn er mögulegt að koma þeim að. Guðmundur I. Gunnlaugsson.*

Eftirfarandi bókun lögð fram:

*Fulltrúar Oddaverja árétta þá skoðun sína að einn fréttamiðill eigi að duga í sveitarfélaginu og vísum þá til þess að vinnu við að fullgera heimasíðu sveitarfélagsins verði hraðað.*
*Viðar Steinarsson,Eggert V. Guðmundsson og Heimir Hafsteinsson.*

**<u>10. Frá hreppsnefnd Ásahrepps:</u>**
Lagt fram bréf frá Ásahreppi, dagsett 21/10´03, um úttekt á rekstri grunnskóla í Rangárþingi ytra.

Eftirfarandi bókun lögð fram:

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra harmar óþarflega harkalegt orðalag bréfs Ásahrepps sem byggt er á misskilningi. Viðhöfð var eðlileg stjórnsýslaviði ákvörðun um úttekt á rekstri grunnskóla Rangárþings ytra.*

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (H.H., V.H.S. og E.V.G.).

Bókun vegna bréfs Ásahrepps um væntanlega úittekt á rekstri grunnskóla.

*Fulltrúar Ó og K lista vísa í bókun varðandi þetta málefni frá fundi hreppsnefndar 6. okt. 2003 þar sem málefnið var tekið fyrir. Þar kemur fram að eðlilegra hefði verið að vísa tillögu meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra um úttekt á rekstri grunnskóla til fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps.*
*Áréttað er að undirritaðir sátu hjá við afgreiðslu málsins.*
*Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson og Eggert V. Guðmundsson.*

Lagt fram bréf frá Ásahreppi, dagsett 21/10´03, þar sem óskað er eftir viðræðum um málefni veitna.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa Ásahrepps.

**<u>11. Unnar Stefánsson - möguleg vinabæjartengsl:</u>**
Lagt fram bréf frá Unnari Stefánssyni ritara vinabæjanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 28/10´03, um vinabæjarkeðjur.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til menningarmálanefndar.

**<u>12. Árni Jóhannsson f.h. Útivistar - fyrirspurn varðandi samning um lóð við Strút:</u>**
Lögð fram fyrirspurn frá Útivist, dagsett 29/10´03, varðandi lóðasamning við Strút.

Vegna meðferðar þjóðlendumála er ekki unnt að gera lóðarleigusamninga á þessu svæði að svo stöddu.

**13. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**
a) Samband íslenskra sveitarfélaga 21/10´03 - Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 5.-6/11´03.

Til kynningar.

b) ITC deildin Stjarna 27/10´03 - umsókn um styrk vegna húsnæðiskostnaðar.

Samþykkt samhljóða að veita styrk kr. 35.000.-.

c) Tákn með tali 13/10´03 - umsókn um styrk.

Samþykkt að veita styrk kr. 50.000,- með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (V.H.S.).

**14. Annað efni til kynningar:**
a) Haraldur B. Arngrímsson 16/10´03 - tilkynning um skógrækt í Þjóðólfshaga 3.
b) Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 16/10´03 - tilkynning um sameiningu heilbrigðisstofnana á Suðurlandi.
c) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 17/10´03 - yfirlit yfir framlög vegna fasteignaskattsjöfnunar árið 2003.
d) Bréf Rangárþings ytra til þingmanna Suðurkjördæmis 23/10 ´03.
Lagt fram þakkarbréf vegna fundar þingmanna og sveitarstjórnar 23/20´03 frá Margréti Frímannsdóttur.
e) Héraðsbókasafn Rangæinga - ársreikningur 2002.
f) Fornleifastofnun Íslands 24/10´03 - kynning á útgáfu ársskýrslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**22. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 20. október 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann, Sigurbjartur Pálsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fyrri hluta fundargerðar. Sigrún Sveinbjarnardóttir ritar seinni hluta fundargerðar.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
Engar fundargerðir lagðar fram.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Skipulags- og byggingarnefnd - 16. fundur 9/10´03, sem er í 17 liðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Atvinnu- og ferðamálaverkefni Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu - stofnfundur 7/10´03.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Félagsmálanefnd - 19. fundur 6/10´03, sem er í 3 liðum.
b) Fræðslunefnd - vinnufundur 13/1´03, sem er í 3 liðum.
c) Lundur - stjórnarfundur 24/9´03.
d) SASS - 369. stjórnarfundur 1/10´03.
e) Samband íslenskra sveitarfélaga - 706. stjórnarfundur 19/10´03.

**4. Tillaga að 3ja ára áætlun fyrir tímabilið 2004-2006 - síðari umræða.**
Tillaga að þriggja ára áætlun fyrir tímabilið 2004 - 2006 lögð fram til síðari umræðu. Tillagan er fylgiskjal í gögnum fundarins.

Samþykkt með 6 atkvæðum en 3 sitja hjá (V.H.S., E.V.G. og Þ.S.).

Bókun vegna afgreiðslu á tillögu að þriggja ára áætlun fyrir sveitarfélagið Rangárþing ytra tímabilið 2004-2006.
*Við undirritaðir fulltrúar í sveitarstjórn Rangárþings ytra sitjum hjá við afgreiðslu á fyrrgreindri tillögu og teljum hana vera fram setta formsins vegna en ekki sem stefnumótun fyrir sveitarfélagið til næstu ára. Til að hægt sé að gera slíka áætlun á trúverðugan máta þarf að vinna undirbúning hennar á þann hátt að sem flestir geti komið að því borði í tíma og komið fram með sín sjónarmið og tillögur. Þetta hefur ekki verið gert hvað þessa framlögðu áætlun varðar, og það ber að harma.*
*Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Þröstur Sigurðsson.*

Bókun meirihluta hreppsnefndar vegna framangreindrar bókunar:
*Stefnumörkun í tillögu að þriggja ára áætlun er einmitt fullkomlega skýr þvert á innihald framangreindrar bókunar og miðar að því að bæta rekstrarniðurstöðu og peningalega stöðu sveitarsjóðs.*

*Valtýr Valtýsson, Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Engilbert Olgeirsson.*

**5. SASS - fundur með þingmönnum Suðurkjördæmis:**
Lögð fram dagskrá frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, dagsett 15/10´03, um áætlaðan fundartíma þingmanna Suðurkjördæmis með fulltrúum sveitarstjórna í kjördæminu.

Samþykkt samhljóða að aðaláhersla í viðræðum við þingmenn verði lögð á samgöngumál, uppbyggingu Gaddstaðaflata, byggingu nýrrar álmu við Lund og málefni húsnæðis fyrrum vistheimilis í Gunnarsholti.

**6. Bílakaup Lundar:**

Samþykkt samhljóða að veita styrk til Lundar vegna bílakaupa, að upphæð kr. 700.000.-.

**7. Breyting á skipan fulltrúa í umhverfisnefnd:**
Tillaga lögð fram um að Heiðrún Ólafsdóttir verði aðalmaður í umhverfisnefnd í stað Bjarna Jóhannssonar, sem óskað hefur eftir því að verða varamaður í nefndinni.

Samþykkt með 8 atkvæðum en 1 situr hjá (E.V.G.).

**8. Mosfell ehf - ítrekun á umsókn um lækkun á álögðum fasteignaskatti:**
Lagt fram bréf frá Mosfelli ehf., dagsett 13/10´03, varðar umsókn um lækkun á álögðum fasteignaskatti frá 12. mars 2003 og kvörtun yfir því að bréfinu hafi ekki verið svarað.

Bókun vegna erindis frá Mosfelli ehf dagsettu 13.10.2003.
*Við undirritaðir áteljum harðlega og hörmum þá slæmu stjórnsýslu sem Mosfell ehf hefur orðið fyrir af hálfu Rangárþings ytra. Það á ekki að koma fyrir í stjórnsýslu að erindum sé ekki svarað og er slíkt reyndar brot á stjórnsýslulögum. Um leið og við hörmum þessa vítaverðu háttsemi þá um leið viljum við benda á að hún er alfarið á ábyrgð sveitarstjóra og meirihluta hreppsnefndar.*
*Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Þröstur Sigurðsson.*

Gert hlé á fundi.

Bókun meirihluta hreppsnefndar Rangárþings ytra í tilefni af bókun fulltrúa K og Ó lista um meinta vanrækslu á svari til Mosfells ehf. vegna umsóknar þess fyrirtækis um breytingu á álögðum fasteignaskatti:

*Fulltrúar K og Ó lista nota stóryrði í bókun sinni og fullyrða að um vítaverða háttsemi sé að ræða af hálfu sveitarstjóra og meirihluta hreppsnefndar við afgreiðslu á umsókn Mosfells ehf.*
*Staðreyndin er s,ú að fyrirtækinu var svarað með bréfi dagsettu 31. mars 2003 í kjölfar fundar í hreppsráði þ. 27. mars 2003. Í svarinu kemur fram, að afgreiðslu umsóknarinnar er frestað, atvinnueflingarsjóði falið að gera tillögu um afgreiðslu málsins og að látið verði vita um niðurstöðu þegar hún liggur fyrir. Atvinnu- og ferðamálanefnd gerði tillögu að úthlutun styrkja á fundi sínum þ. 3. september 2003 og var sú tillaga tekin fyrir í hreppsnefnd 8. september. Afgreiðslu á umsóknum til Atvinnueflingarsjóðs var frestað á fundi hreppsnefndarinnar og samhljóða óskað eftir rökstuðningi frá atvinnu- og ferðamálanefnd, sem verður lagður fram á fundi hreppsnefndar þ. 3. nóvember 2003.*
*Vísað er á bug öllum stóryrðum í framangreindri bókun fulltrúa K og Ó lista og það harmað, að þeir hafi ekki kynnt sér stöðu málsins betur en bókunin vitnar um.*

*Valtýr Valtýsson, Sigurbjartur Pálsson, Guðmunundur Ingi Gunnlaugsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Engilbert Olgeirsson.*

Lögð fram tillaga:
*Við undirritaðir förum fram á að bréf Mosfells ehf., dagsett 13/10´03 verði fært til bókar í heild sinni vegna þess að bókun sú er við leggjum fram er vegna efni bréfsins.*
*Viðar Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Þröstur Sigurðsson.*

Tillagan felld. 3 atkvæði með og 5 á móti, einn situr hjá (LB).

Bókun:
*Við undirritaðir vekjum athygli á að bókun sú er við lögðum fram er á grundvelli þess að fram kemur í bréfi Mosfells ehf. að ekki hefði verið svarað erindi frá þeim innan tímamarka sem boðleg eru í opinberri stjórnsýslu. Þess vegna er bagalegt að meirihluti hreppsnefndar skuli ekki samþykkja að færa bréf Mosfells ehf. til bókar.*
*Viðar Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Þröstur Sigurðsson.*

Mosfelli ehf. verður kynnt niðurstaða styrkveitinga samkvæmt tillögu atvinnu- og ferðamálanefndar eftir fund hreppsnefndar þ. 3. nóvember n.k.

**9. Eyjólfur Guðmundsson - um manngerða hella og fleira:**
Lagt fram bréf frá Eyjólfi Guðmundssyni, móttekið 7/10´03, um manngerða hella og fleira.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til menningarmálanefndar Rangárþings ytra og kynna það fyrir þingmönnum Suðurkjördæmis.

**10. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**
a) SASS 3/10 - boðun aðalfundar 14. og 15. nóvember 2003.

Til kynningar.

b) Samband íslenskra sveitarfélaga 1/10´03 - Norræn skólaráðstefna 22.-24. apríl 2004.

Til kynningar.

c) Menntamálaráðuneytið og Íslensk málstöð 3/10´03 - "dagur íslenskrar tungu" 16/11´03.

Til kynningar.

d) SASS 15/10´03 - fundur um undirbúning að samningi sunnlenskra sveitarfélaga og ríkisins um framlög til menningarmála og samstarfssamningi sveitarfélaga um menningarmál.

Til kynningar.

**16. Annað efni til kynningar:**
a) Slysavarnarfélagið Landsbjörg 8/10´03 - um skýrslu slysavarnarfulltrúa og öryggi á leiksvæðum barna.

b) Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 10/10´03 - leiðrétt beiðni um námsvist í Grunnskólanum á Hellu.

c) Umhverfisráðuneytið 6/10´03 - almennar upplýsingar um gerð náttúruverndaráætlana.

d) Félagsmálaráðuneytið 15/10´03 - lækkun á framlagi sveitarfélaga til tryggingar á viðbótarlánum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**21. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 6. október 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann, Sigurbjartur Pálsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti setti fund og bar upp tillögu að breytingu á dagskrá: nýir liðir nr. 6, 12 og 13 og færast aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
Lögð fram fundargerð 30. fundar hreppsráðs 11/9´03, sem er í 14 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram fundargerð 31. fundar hreppsráðs 24/9´03, sem er í 18. liðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun:
*Bókun vegna dagskrárliðar nr.17e) í fundargerð 31. fundar hreppsráðs frá 24. september 2003. Varðar styrkveitingu til IOGT vegna bindindismóts í Galtalækjarskógi með greiðslu á gámaþjónustu að upphæð um fjögurhundruð þúsund krónur. Styrkveiting þessi er veitt samkvæmt munnlegu samkomulagi forsvarsmanna fyrrum Holta og Landsveitar við IOGT. Við undirritaðir sjáum engar forsendur fyrir framhaldi á aðkomu sveitarfélagsins að samkomuhaldi í Galtalækjarskógi með þessum hætti og teljum að þeim fjármunum sem hér um ræðir sé betur varið til styrktar æskulýðs og íþróttafélaga í Rangárþingi ytra.*
*Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson og Viðar H. Steinarsson.*

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
Lögð fram fundargerð 21. fundar fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps 18/9´03, sem er í 6 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Stjórn Hitaveitu Rangæinga - 11. fundur 18/8´03.

Bókun vegna fundargerðar 11. fundar Hitaveitu Rangæinga frá 18. ágúst 2003:
*Ég undirritaður geri athugasemd við afgreiðsluna á fyrsta lið í fundargerð Hitaveitu Rangæinga frá 18. ágúst sl. þar sem að mínum dómi koma ekki fram nein haldbær rök fram í afgreiðslunni hjá stjórn veitunnar að utanbæjarmaður sé hæfari til að gegna starfinu frekar en þeir heimamenn sem einnig sækja um starfið. Það er í það minnsta einn umsækjandi búsettur í héraðinu, sem ekki virðist koma til greina, sem er með sömu menntun og sá sem stjórnin mælir með að fái starfið. Það er mín skoðun að sveitarfélög og stofnanir tengdar þeim eigi að að leitast eftir því að láta heimamenn njóta vafans þegar um jafnhæfa einstaklinga með sömu menntun er að ræða. Þar sem atvinnuástand er mjög viðkvæmt í Rangárvallasýslu um þessar mundir og munar um hvert starf sem losnar.*
*Eggert V. Guðmundsson.*

b) Sameiginleg barnaverndarnefnd Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Ásahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps - 14. fundur 22/9´03.
c) Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili - stjórnarfundur 24/9´03.

Afgreiðslu á fundargerð Lundar vísað til næsta fundar hreppsnefndar.

d) Skólaskrifstofa Suðurlands - 66. stjórnarfundur 24/9´03.
e) Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 57. fundur 17/9´03.
f) Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - 232. stjórnarfundur 12/9´03.
g) Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. - 207. fundur 30/9´03.

Heimir lætur bóka óánægju sína með fundarargerð Sorpstöðvar Suðurlands, þar sem hún sé mjög ófullnægjandi og ekki komi fram efni tillögu sem þar var til umræðu.

**4. Tillaga að 3ja ára áætlun fyrir tímabilið 2004-2006 - fyrri umræða.**
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri, lagði fram tillögu að 3ja ára fjárhagsáætlun 2004-2000 ásamt greinargerð og skýrði hana.

Vísað til síðari umræðu.

**5. Tillaga um að gerð verði úttekt á rekstri grunnskóla í sveitarfélaginu:**
Tillaga um að úttekt verði gerð á rekstri grunnskóla í Rangárþingi ytra, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 6. október 2003:
*Lagt er til að gerð verði úttekt á rekstri grunnskóla í Rangárþingi ytra. Markmið með úttektinni er, að leita leiða til hagkvæms rekstrar grunnskóla sveitarfélagsins um leið og tryggt verði, að námsleg og félagsleg aðstaða grunnskólabarna verði fyllilega sambærileg við það sem best gerist.*
*Lagt er til að úttektin verði gerð svo fljótt sem mögulegt er og að niðurstöður verði lagðar fyrir sveitarstjórnina til umfjöllunar.*
*Valtýr Valtýsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.*

Lagt er til að fræðslunefnd verði falið að útfæra framkvæmd úttektarinnar.
Kostnaði við gerð úttektarinnar er vísað á liðinn "Til síðari ráðstöfunar sveitarstjórnar".

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (H.H., V.H.S. og E.V.G.).

Bókun vegna afgreiðslu tillögu meirihluta hreppsnefndar um að úttekt verði gerð á rekstri grunnskóla í Rangárþingi ytra:
*Við undiritaðir sitjum hjá við afgreiðslu tillögu þessarar á þeirri forsendu að við teljum að fræðslunefnd Rangárþings ytra hefði átt að fá tækifæri til að fjalla um tillöguna áður en sveitarstjórn tæki endanlega ákvörðun um málið.*
*Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson og Viðar Steinarsson.*

**6. Málefni Reykjagarðs:**
Lagt fram bréf frá Steinþóri Skúlasyni, stjórnarformanni Túnfótar hf., dagsett 30/9´03.

Samþykkt samhljóða að taka ekki tilboði að sinni um að breyta andvirði skuldabréfa sem Reykjagarður hf./Túnfótur hf. er greiðandi að, í hlutafé í Túnfæti hf.

**7. Byggðasmölun haustið 2003:**
Samþykkt samhljóða að byggðasmölun í sveitarfélaginu verði 25/10´03 og að hún verði auglýst í Búkollu. Jarðaeigendum sem ekki hafa fasta búsetu í sveitarfélaginu verði sent bréf með tilkynningu um smölunina.

**8. Breyting á skipan fulltrúa í fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - kosning nýs fulltrúa:**
Lögð fram tilnefning K og Ó lista um að Þröstur Sigurðsson verði fulltrúi í fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps í stað Þorbjargar Atladóttur, sem hefur óskað eftir lausn frá störfum í nefndinni.

Samþykkt samhljóða.

**9. Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur - umsókn vegna rallkeppni:**
Lagt fram bréf frá Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur, móttekið 29/9´03, þar sem sótt er um leyfi til að halda rallkeppni á vegum á Landmannaafrétti 11/10´03. Einnig er sótt um undanþágu frá hámarkshraða á sérleiðum keppninnar.

Erindinu er hafnað samhljóða þar sem önnur leit á Landmannaafrétti mun standa yfir þennan dag.

**10. Landgræðsla ríkisins - svör við spurningum og umsókn um samþykki við leigusamningi:**
Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins, dasgett 18/9´03, þar sem svarað er spurningum um ráðstöfun lands sbr. bókun hreppsnefndar 8/9´03.
Einnig er lögð fram beiðni um afstöðu sveitarstjórnar til leigusamnings milli Landgræðslu ríkisins, kt. 710169-3659 og Jakobs Jónatanssonar, kt. 190437-4939, dagsettur 27/8´03.

Samþykkt samhljóða að gera ekki athugasemd við leigusamninginn. Jafnframt samþykkt samhljóða að verði um frekari ráðstöfun lands að ræða á þessu svæði fyrir frístundalóðir, verði að gera deiliskipulag fyrir svæðið.

**11. Húsakynni bs. - umræða um hugsanlega sameiningu við eignaumsjón:**
Lagt fram bréf frá Húsakynnum bs., dagsett 24/9´03, þar sem kynnt er hugmynd um hugsanlega sameiningu Húsakynna bs. og eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að sameina þessar einingar að svo stöddu.

**12. Umhverfisráðuneytið - stjórnsýslukærur vegna Urriðafoss- og Núpsvirkjana:**
Sveitarstjórn telur ekki mögulegt að gefa umsögn vegna knappra tímamarka.

**13. Fundir hreppsnefndar og hreppsráðs í október:**
Lögð fram tillaga um að halda hreppsnefndarfund 20/10´03 og hafa einn hreppsráðsfund í október, þ. 23/10´03.

Samþykkt samhljóða.

**14. Svör við fyrirspurnum fulltrúa K og Ó lista:**
Valtýr Valtýsson, oddviti leggur fram svör, dagsett 6/10´03, við fyrirspurnum frá 23. júní 2003.

**15. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Stofnfundur atvinnu- og ferðamálaverkefnis Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.

Lagt er til að Lúðvík Bergmann fari með atkvæði Rangárþings ytra á stofnfundinum.
Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

b) Húsakynni bs., 24/9'03 - aðalfundarboð 7/10'03 og tillaga að nýjum samþykktum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða tillögu að samþykktum.

Tillaga lögð fram um að Ingvar P. Guðbjörnsson verði aðalmaður í stað Óla Más Aronssonar í stjórn Húsakynna bs. og að Sigurbjartur Pálsson verði varamaður í stað Guðmundar Einarssonar. Oddviti fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðafundinum.

Samþykkt samhljóða.

c) Hálendismiðstöðin í Hrauneyjum 19/9'03 - opnun ljósmyndasýningar 10/10'03, um fyrstu ferð bifreiðar yfir Sprengisand.

Til kynningar.

d) Fræðslunet Suðurlands 24/9'03 - ráðstefna um skipulagsmál 10/10'03.

Til kynningar.

e) Fræðslunet Suðurlands 2/10'03 - kynningarfundur um gerð símenntunaráætlana 14/10'03.

Til kynningar.

f) Samband íslenskra sveitarfélaga 22/4'03 - fjármálaráðstefna 5.-6/11'03.

Til kynningar.

g) SASS 10/9'03 - aðalfundur 14.-15/11'03.

Til kynningar.

h) Samband íslenskra sveitarfélaga 1/10'03 - námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn 7.-8/11'03.

Til kynningar.

i) Ægisdyr "áhugafélag um vegtengingu milli lands og Eyja" 12/9'03 - umsókn um styrk.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (E.V.G.) að veita styrk að upphæð kr. 150.000.-.

j) ITC deildin Stjarna, 22/9'03 - umsókn um styrk.

Sveitarstjóra falið að bjóða deildinni sal í eigu sveitarfélagsins til afnota. Jafnframt að veittur verði styrkur á móti leigugjaldi.

k) Bm - ráðgjöf 26/9'03 - umsókn um styrk vegna útgáfu á vegum SÁÁ.

Samþykkt samhljóða að veita styrk kr. 10.000.-.

l) Ísl. Lögregluforlagið ehf., sept.'03 - umsókn um styrk.

Hafnað.

m) UMFÍ 1/10'03 - umsókn um styrk.

Hafnað.

**16. Annað efni til kynningar:**
a) Upplýsingar um tekjur og gjöld af Holtamannaafrétti.
b) Þinglýstar eignarheimildir um Stóra-Klofa.
c) Frétt á Mbl.is og tilkynning 30/9'03 um breytingar hjá Reykjagarði hf.
d) Félagsmálaráðuneytið 16/9'03 - samþykkt heimild til þess að falla frá forkaupsrétti og kaupskyldu á félagslegum eignaríbúðum.
e) Samband íslenskra sveitarfélaga 26/9'03 - umburðarbréf um heimildarákvæði 4. og 5. mgr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (um lækkun fasteignaskatts tekjulítilla ellilífeyrisþega og öryrkja).
f) Bréf og ítarefni sem lagt var fyrir fjárlaganefnd 30/9'03.
g) Hreppsnefnd Ásahrepps 16/9'03 - samþykki við fundargerð 4. fundar samráðsnefndar um Holtamannaafrétt, varðandi tilhögun og kostnað við smölun afréttarins.
h) Afrit af bréfi frá Viðari H. Steinarssyni og Heimi Hafsteinssyni til Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 1/10'03.

Heimir og Viðar láta bóka að þeir harmi seinagang við afgreiðslu sjóðsins á erindi þeirra.

i) Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 22/9'03 - kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum við Norðlingaölduveitu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**20. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 8. september 2003, kl. 16:00.

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður Lúðvíks Bergmann, Þórhallur J. Svavarsson, varamaður Valtýs Valtýssonar, Heiðrún Ólafsdóttir, varamaður Sigurbjarts Pálssonar og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Engilbert Olgeirsson, varaoddviti, setti fund í fjarveru Valtýs Valtýssonar, oddvita og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega þá sem sitja hreppsnefndarfund í fyrsta sinn.

**1. Fundargerð hreppsráðs:**
Lögð fram fundargerð 29. fundar hreppsráðs 21/8´03, sem er í 14 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Félagsmálanefnd, 17. fundur 14/8´03, sem er í 7 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram tillaga um að fela sveitarstjóra að skrifa félagsmálaráðherra og afla heimildar fyrir sveitarfélagið til þess að falla frá forkaupsrétti og kaupskyldu á félagslegum eignaríbúðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Stjórn eignaumsjónar, 11. fundur 21/8´03, sem er í 5 liðum.

*Bókun vegna 5. liðar í fundargerð Eignaumsjónar frá 21. ágúst 2003 og einnig 4. dagskrárliðar í fundarboði, þ.e. ráðning skipulags- og byggingafulltrúa.*
*Undirritaðir taka undir skoðanir tveggja fulltrúa stjórnar Eignaumsjónar þess efnis að aðstaða Eignaumsjónar eigi að byggjast upp á Hellu og þá í tengslum við áhaldahúsið og rekstur þess. Jafnframt leggjum við áherslu á að samhliða ráðningu nýs skipulags- og byggingafulltrúa verði undirbúin stofnun tæknideildar/sviðs þar sem skipulags- og byggingafulltrúi verði yfirmaður og að starfsemi eignaumsjónar og áhaldahúss falli þar undir.*
*Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson og Viðar Steinarsson.*

Fyrsti liður fundargerðarinnar bornin upp og samþykktur með 7 atkvæðum en 2 sitja hjá (V.H.S. og H.H.).

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti með 7 atkvæðum en 2 sitja hjá (V.H.S. og H.H.).

c) Samráðsnefnd um Holtamannaafrétt, 4. fundur 1/9´03, sem er í 2 liðum.

Samþykkt með 7 atkvæðum en 2 sitja hjá (V.H.S. og H.H.).

d) Atvinnu- og ferðamálanefnd, 11. fundur 21/8´03, sem er í 1 lið.

Samþykkt samhljóða.

e) Atvinnu- og ferðamálanefnd, 12. fundur 2/9´03, sem er í 4 liðum.

Guðfinna vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu fundargerðarinnar.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu fundargerðarinnar til næsta fundar. Jafnframt er óskað eftir rökstuðningi nefndarinnar með úthlutun úr Atvinnueflingarsjóði.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Sameiginleg barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 13. fundur 28/8´03.
b) Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, 231. fundur 4/7´03.
Heimir kemur á framfæri óánægju sinni með að framkvæmdastjóri Atvinnuþrórunarsjóðs Suðurlands hefur ekki svarað bréfi minnihluta hreppsnefndar frá 23. júní 2003.
c) Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 56. fundur 19/8´03.
d) Launanefnd sveitarfélaga, 188. fundur 13/8´03.
e) Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 705. fundur 22/8´03.

**4. Hagvangur hf. vegna ráðningar skipulags- og byggingafulltrúa:**
Lögð fram tillaga um að fela sveitarstjóra að leita til ráðningarþjónustu Hagvangs hf. um að auglýsa eftir einstaklingi í starf skipulags- og byggingafulltrúa f.h. sveitarfélagsins og aðstoði við úrvinnslu umsókna.

Samþykkt samhljóða.

**5. Björk Gísladóttir - félagslegar eignaíbúðir:**
Lagt fram bréf frá Björk Gísladóttur, dagsett 12/8´03, þar sem hún óskar eftir því að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti og aflétti kaupskyldu af félagslegri eignaríbúð hennar, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 86/2002.

Samþykkt samhljóða með fyrirvara um samþykki félagsmálaráðherra sbr. afgreiðslu liðar a) í 2. lið fundargerðarinnar.

**6. Félagsmálanefnd - tillaga að reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins:**
Lagðar fram leiðbeiningar um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, frá félagsmálaráðuneytinu. Félagsmálanefnd Rangárþings ytra gerir tillögu um að í sveitarfélaginu verði farin leið "B" í leiðbeiningunum

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu tillögunnar og halda sérstakan kynningarfund fyrir sveitarstjórnina.

**7. Fráveita og vatnsveita v/nýbygginga við Laufskála:**
Lögð fram tillaga um að fela sveitarstjóra að láta leggja vatn og fráveitu að nýbyggingum við Laufskála skv. hönnun og tillögu Snertils ehf. Lagt er til að áætluðum kostnaði verði vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.

*Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að leita eftir tilboðum í og semja um verkefnið að leggja vatn og fráveitu að nýbyggingum við Laufskála 12 - 18 á Hellu og sem nýtast mun við væntanlega byggingu Laufskála 20 - 22. Fyrir liggur hönnun frá Snertli ehf. og frumkostnaðaráætlun sem gerir ráð fyrir að meginhluti verkefninins muni kosta kr. 5.028.676. Þessi frumkostnaðaráætlun er ekki tæmandi og eðli sínu samkvæmt eru viikmörk nokkur. Reikna þarf með því að kostnaður leiki á bilinu 6 - 7 milljónir króna.*
*Lagt er til að kostaði við verkið verði vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætun og komi til lækkunar á veltufjárstöðu.*
*Brýn nauðsyn er á því að verkið framkvæmist án tafar og er þ.a.l. reiknað með lokuðu útboði meðal valinna verktaka innan sveitarfélagsins.*

Samþykkt samhljóða.

**8. ESK ehf. - umsóknir um lóðir við Bogatún og Laufskála og Eikarás ehf. - umsóknir um lóðir við Sigöldu og Hraunöldu:**
Lagðar fram umsóknir um lóðirnar Bogatún 4, 6, 18, 20, 22 og 24 og Laufskála 20 og 22 frá ESK ehf., dagsett 2/9´03, til byggingar parhúsa. Einnig eru lagðar fram umsóknir um lóðirnar Sigöldu 1 og 5 og Hraunöldu 2 og 6 frá Eikarási ehf., dagsett 3/9´03, til byggingar einbýlishúsa.

ESK ehf. er úthlutað lóðunum Bogatúni 18, 20, 22 og 24.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sátu hjá (G.Þ. og H.H.).

ESK ehf. er úthlutað lóðunum Laufskálum 20 og 22.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

Eikarási ehf er úthlutað lóðinni Sigöldu 5.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

Hafnað samhljóða að úthluta lóðunum Sigöldu 1, Hraunöldu 2 og 6 og Bogatúni 4 og 6 þar sem þeim hefur þegar verið úthlutað til annarra

**9. Starfsfólk á skrifstofu Rangárþings ytra - samrædur vinnufatnaður og fyrirhugaður fagnaður starfsmanna á Brúarlundi:**
Lagt fram bréf frá starfsmönnum skrifstofu Rangárþings ytra, dagsett 2/9´03, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til hugmynda um samræmdan vinnufatnað og ósk um þáttöku í kostnaði.

Lagt er til að hreppsnefnd veiti kr. 70 þús. til þessa verkefnis.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 3 á móti ( H.H., E.V.G. og V.H.S.) 1 sat hjá (G.Þ.).

*Undirritaðir vilja láta bóka varðandi afgreiðslu á tillögu um einkennisfatnað starfsfólks á skrifstofu sveitarfélagsins að heppilegra væri að samið væri um slík atriði í starfskjörum starfsmanna.*
*Viðar Steinarsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson.*

Einnig er lagt fram bréf frá starfsmönnum skrifstofu, dagsett 4/9´03, varðandi áform um að halda fagnað starfsmanna sveitarfélagsins að Brúarlundi 3/10´03 og ósk um þátttöku í kostnaði við rútu, húsaleigu og Stefgjöld.

Samþykkt samhljóða,en þeim vinsamlegu tilmælum beint til starfsmanna að nota sem mest þjónustu í heimabyggð.

Gert matarhlé.

**10. Ragnar Finnsson og Jóhanna Ragnarsdóttir - stofnun nýbýlis í landi Heiðar:**
Lagt fram bréf frá Ragnari Finnssyni og Jóhönnu Ragnarsdóttur, dagsett 21/8´03, þar sem óskað er eftir meðmælum sveitarstjórnar vegna stofnunar nýbýlis í landi Heiðar.

Samþykkt samhljóða að veita umbeðin meðmæli.

**11. Fannberg ehf. - skipting lóðar út úr landi Flagbjarnarholts:**
Lagt fram bréf frá Fannberg ehf. vegna Valmundar Gíslasonar, dagsett 21/8´03, þar sem óskað er samþykki viðskiptingu lóðar út úr landi Flagbjarnarholts.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framangreinda skiptingu spildu úr landi Flagbjarnarholts.

**12. Og fjarskipti hf. - umsókn um staðsetningu fjarskiptamannvirkja í landi Varða:**
Lagt fram bréf frá Og fjarskiptum hf, dagsett 7/8´03, þar sem óskað er samþykkis við staðsetningu loftnetsstaura og tækjaskýlis á landspildu í landi Varða.

Samþykkt samhljóða.

Leigusamningur milli Og fjarskipta hf. kt. 600898-2059 og Teits Kjartanssonar, kt. 100718-3169, lagður fram til afgreiðslu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leigusamninginn.

**13. Lögmenn Suðurlandi - skipting hluta af jörðinni Kvíarholt:**
Lagt er fram bréf frá Lögmönnum Suðurlandi, fyrir hönd Karls og Ragnars Þórðarsona, dagsett 16/7´03, þar sem óskað er eftir samþykki við að Kvíarholti 1 og Kvíarholti 2 verði skipt út úr Kvíarholti.

Ekki gerðar athugasemdir við erindið.

**14. Magnús Baldursson hdl. - skipting lóða út úr landi Bjálmholts og nafngift:**
Lagt fram bréf frá Magnúsi Baldurssyni hdl., vegna Sigurðar Karlssonar, Borghildar Sjafnar Karlsdóttur, Magnúsar Reynis Ástþórssonar og Magnúsar Sigurðssonar, dagsett 7/8´03, þar sem óskað er eftir samþykki við skiptingu lóða út úr landi Bjálmholts og samþykkis fyrir nafngiftinni Beindalsholt I og II á umræddar lóðir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við skiptingu lóðanna út úr landi Bjálmholts og ekki heldur við nafngiftir þeirra.

**15. Landgræðsla ríkisins - leigusamningur um spildu úr landi Gunnarsholts:**
Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 27/8´03, þar sem óskað er eftir samþykki við leigusamningi um spildu úr landi Gunnarsholts.

Leigusamningur milli Landgræðslu ríkisins, kt. 710169-3659, og Jakobs Jónatanssonar, kt. 190437-4939, lagður fram.

Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga hjá Landgræðslu ríkisins um framtíðaráform hennar varðandi leigu lóða og um hugsanlegt skipulag.

**16. Valtýr Valtýsson - skipting spildu úr landi Meiri-Tungu 1:**
Lagt fram bréf frá Valtý Valtýssyni, dagsett 2/9´03, þar sem óskað er eftir samþykki við skiptingu spildu út úr landi Meiri-Tungu 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða skiptingu.

**17. Fjarskipta- og tæknideild Landmannaafréttar - fjarskiptatækjakaup:**
Lagt fram bréf frá Stefáni Þór Sigurðssyni og Olgeiri Engilbertssyni, dagsett 25/8´03, þar sem óskað er eftir fjárveitingu til kaupa á fjarskiptatækjum til nota í leitum á Landmannaafrétti. Gert er ráð fyrir að kaupa 12 tæki fyrir kr. 72 þús. Kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar. Tækin skulu vera eign fjallskiladeildar Landmannaafréttar.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

**18. Flutningaþjónustan ehf. - boð um leigu á húsnæði í Dynskálum 22:**
Lagt fram bréf frá Flutningaþjónustunni ehf., dagsett 28/8´03, þar sem hluti húsnæðisins að Dynskálum 22, er boðið til leigu.

Lögð fram tillaga um að hafna tilboðinu.

Samþykkt að hafna tilboðinu með 2 atkvæðum en 7 sitja hjá ( G.I.G., E.O., Þ.J.S, I.P.G., G.Þ. H.H. og H.Ó.).

**19. Landgræðsla ríkisins - yfirlýsing Holta- og Landsveitar vegna Stóra-Klofa:**
Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins dagsett 22/7´03, vegna yfirlýsingar sveitarstjórnar Holta- og Landsveitar, frá 23/4´01, varðandi kaup ábúenda á Stóra-Klofa.

Lagt fram minnisblað frá Valtý Valtýssyni, dagsett 3/9´03, þar sem sagt er frá afgreiðslu sveitarstjórnar Holta- og Landsveitar, 23/4´01, varðandi yfirlýsingu um kaup ábúenda á jörðinni Stóra-Klofa.

Samþykkt samhljóða að fela oddvita að svara erindinu og skýra afstöðu þáverandi sveitarstjórnar Holta- og Landsveitar. Jafnframt samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að afla upplýsinga um eignarhald jarðarinnar Stóra-Klofa.

**20. Hreppsnefnd Ásahrepps:**
a) Lagt fram bréf frá Ásahreppi, dagsett 21/7´03, þar sem lagðar eru fram breytingatillögur að stofnsamningi og samþykktum fyrir byggðasamlagið "Atvinnu- og ferðamálaverkefni Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs."

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til stofnfundar byggðasamlagsins.

b) Lagt fram bréf frá Ásahreppi, dagsett 12/8´03, varðandi bifreiðakaup hjúkrunar- og dvalarheimilis Lundar.

Til kynningar.

c) Lagt fram bréf frá Ásahreppi, dagsett 18/8´03, þar sem fram kemur ósk hreppsnefndar Ásahrepps um að fá aðal- og varamann í stjórn Hitaveitu Rangæinga.

Til kynningar.

d) Lagt fram bréf frá Ásahreppi, dagsett 29/8´03, þar sem óskað er eftir samstarfi við gerð símenntunaráætlana.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

**21. Samband íslenskra sveitarfélaga - útreikningar á daggjaldaþörf:**
Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 28/8´03, varðandi skýrslu um útreikning á daggjaldaþörf 30 manna hjúkrunarheimilis sem unnin var fyrir stjórn sambandsins. Meðfylgjandi er skýrslan.

Lögð fram tillaga að bréfi frá sveitarstjórn Rangárþings ytra til félagsmálaráðherra varðandi málið.
Afrit send þingmönnum Suðurlands og stjórn Lundar.

Samþykkt samhljóða.

**22. Trúnaðarmál.**

Fært í trúnaðarmálabók.

**23. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Fræðslunet Suðurlands 19/8´03, vika símenntunar 7. - 13. september 2003.

Til kynningar

b) Blindrafélagið vegna "Blindrasýnar" 26/8´03.

Hafnað.

c) KOM - fjölskyldublað KFUM og KFUK 28/8´03.

Hafnað.

**24. Annað efni til kynningar:**
a) Sveitarstjórn Mýrdalshrepps 25/7´03 - samþykkt við drögum að stofnsamningi og samþykktum fyrir atvinnu- og ferðamálaverkefni.
b) Ómar Smári Kristinsson, ágúst 2003, tillaga að stofnun og rekstri "Suðurfjallaþjóðgarðs".
c) Umhverfisstofnun 25/8´03, viðbrögð við tillögu um stofnun Suðurfjallaþjóðgarðs.

B og c liðum vísað til umhverfisnefndar, atvinnu- og ferðamálanefndar og hálendisnefndar til umfjöllunar.

d) EBÍ 19/8´03, greiðsla ágóðahlutar 2003.
e) Félagsmálaráðuneytið 19/8´03, umburðabréf um veitingu tækifærisvínveitingaleyfa og kynning á bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 7/8´03 um það málefni.
f) Málefni Vistheimilisins að Gunnarsholti, bréf frá tryggingamálaráðherra 29/7´03 og svar ráðuneytisins 1/8´03.

*Við undirritaðir fulltrúar í minnihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra afsegja sér með öllu að eiga nokkurn þátt í þróun málefna Vistheimilisins Gunnarsholti vegna þess að ekki þótti ástæða til að boða fulltrúa minnihluta hreppsnefndar á fund sem haldin var í Gunnarsholti um málefni vistheimilisins, eða á annan hátt verið hafðir með í ráðum um það málefni. Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Gumundsson og Viðar Steinarsson.*

Vegna bókunar Heimis, Eggerts og Viðars setja fulltrúar D-lista fram eftirfarandi bókun:

*Vilji framangreindir fulltrúar segja sig frá umfjöllun um brýn málefni innan sveitarfélagsins verður það að vera á þeirra ábyrgð en skorað er á þá að breyta þeirri afstöðu sinni.*
*Fundurinn í Gunnarsholti var haldinn að frumkvæði 1. þingmanns Suðurkjördæmis í samráði og samvinnu við aðra þingmenn kjördæmisins. Boðaðir voru m.a. talsmenn sveitarstjórnar; sveitarstjóri, oddviti og formaður hreppsráðs. Eðlilegt hefði verið að boða fulltrúa annarra lista en því miður yfirsást það. Málefni Vistheimilisins í Gunnarsholti eru mjög brýn og áríðandi er að sveitarstjórn komi samhent fram um þau.*
*Guðmundur I,. Gunnlaugsson, Heiðrún Ólafsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Þórhallur Svavarsson og Ingvar P. Guðbjörnsson.*

g) Embætti yfirdýralæknis 26/8´03, tillaga um óbreytt fyrirkomulag við smölun afrétta Skaftárhrepps og Rangárvallaafréttar.
h) Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði 25/8´03, um jarðskjálfta í Krísuvík 23/8´03.
i) Félagsmálaráðuneytið 27/8´03, um ár fatlaðra.
j) Skipulagsstofnun 20/8´03, úrskurðir Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum virkjunar í Þjórsá við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1 og Urriðafossvirkjunar allt að 150 MW og breytingar á Búrfellslínu 2.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22.30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**19. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 21. júlí 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Margrét Eggertsdóttir, varamaður fyrir Heimi Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti, setti fund.

**1. Fundargerð hreppsráðs:**
Engar fundargerðir liggja fyrir.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Samgöngunefnd - 5. fundur 15/7´03.
-Yfirlit yfir hluta áætlaðra framkvæmda fyrir fé til styrkvega frá Vegagerðinni.
Samþykkt samhljóða.

b) Félagsmálanefnd - 16. fundur 16/7´03 sem er í 4 liðum.
Samþykkt samhljóða.

c) Íþrótta og æskulýðsnefnd - 10. fundur 16/7´03 sem er í 3 liðum.
Eggert V. Guðmundsson tók ekki þátt í afgreiðslu annars liðar fundargerðarinnar.
Samþykkt með 8 atkvæðum.

d) Atvinnu- og ferðamálanefnd - 10. fundur 16/7´03 sem er í 3 liðum.
Samþykkt með 8 atkvæðum, einn situr hjá (EVG).

e) Eignaumsjón - 9. fundur 17/7´03.
Samþykkt með 8 atkvæðum, einn situr hjá (VHS).

f) Umhverfisnefnd - 14. fundur 17/7´03.
Samþykkt að skipa vinnunefnd til þess að gera tillögu að umsögn um drög Umhverfisstofnunar að Náttúruverndaráætlun 2003-2008 og um mat á umhverfisáhrifum vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár.
Vinnunefndina skipa Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón Þórðarson, Sigurbjartur Pálsson og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Samþykkt með 8 atkvæðum, einn situr hjá (IPG).

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
Fundur um málefni Lundar á Hellu og Kirkjuhvols á Hvolsvelli 9/7´03.
Sorpstöð Suðurlands bs. - fundargerð 104. stjórnarfundar 10/7´03 sem er í 2 liðum.

**4. Ársreikningar - síðari umræða:**
Ársreikningar Rangárþings ytra fyrir árið 2002 - síðari umræða.

***<u>Tillaga lögð fram á fundi Hreppsnefndar Rangárþings ytra mánudaginn 21. júlí 2003.</u>***

*Vegna afgreiðslu ársreikninga Rangárþings ytra og stofnana þess fyrir árið 2002.*

*Við undirrituð leggjum til að frestað verði afgreiðslu ársreikninga sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2002 þangað til að leiðrétt hefur verin villa sem fyrirliggjandi ársreikningur innifelur. Skekkjan varðar uppgjör á tjónabótum sem innborgaðar hafa verið til sveitarfélagsins vegna tjóna á fasteignum í jarðskjálftunum árið 2000.*

*Eftir er að gera grein fyrir stöðu endurbóta á viðkomandi eignum. Fyrr en þetta liggur fyrir er raunveruleg peningaleg staða sveitarsjóðs ekki ljós auk þess sem þessi skekkja brenglar rekstrarniðurstöðu stofnana sveitarfélagsins.*

*Undirrituð: Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Margrét Eggertsdóttir.*

Tillagan felld með fimm atkvæðum gegn þremur, einn sat hjá (LB).

Ársreikningur menningarmiðstöðvarinnar að Laugalandi fyrir árið 2002 - síðari umræða.
Ársreikningur Leikskólans Laugalandi fyrir árið 2002 - síðari umræða.
Ársreikningur leiguíbúða að Laugalandi fyrir árið 2002 - síðari umræða.
Ársreikningur eignasjóðs Laugalandsskóla fyrir árið 2002 - síðari umræða.
Ársreikningur Holtaveitunnar fyrir árið 2002 - síðari umræða.

Allir þessir reikningar samþykktir með 6 atkvæðum, 3 á móti (VHS, EVG, ME).

Ársreikningar Rangárþings ytra fyrir árið 2002, samþykktir með 6 atkvæðum, 3 á móti (VHS, EVG, ME).

***Bókun vegna ársreikninga 2002, fyrir Rangárþing ytra:***

*Við undirritaðir fulltrúar minnihluta í sveitarstjórn Rangárþings ytra viljum leggja fram eftirfarandi bókun við umfjöllun og afgreiðslu ársreikninga sveitarfélagsins fyrir árið 2002.*

*Ljóst er að nú er verið að gera upp reikninga sveitarfélagsins samkvæmt nýjum reikningsskilavenjum, í nýju sameinuðu sveitarfélagi og því erfitt um vik hvað varðar samanburð einstakra liða milli ára í rekstri sveitarfélagsins. Þó er augljóst að ýmsar viðvörunarbjöllur hringja og ýmislegt er í rekstri sveitarfélagsins sem betur hefði mátt fara. Athygli vekur sú stórfellda skuldaaukning sem átt hefur sér stað á árinu. Samkvæmt framlögðum reikningum hafa skuldir sveitarfélagsins A og B hluta hækkað um rúmar 125 millj. kr. á árinu á meðan að eignir hafa aðeins aukist á móti um rúmar 87 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð um tæplega 38 millj. kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins fara 7,7% fram úr rekstrartekjum. Þetta eru nöturlegar staðreyndir og ber að taka þær alvarlega. Staðreyndir sem ættu kannski ekki að koma á óvart því ekki er langt síðan að Rangárvallahreppur, einn af forverum nýs sameinaðs sveitarfélags, var á válista félagsmálaráðuneytisins og komst af honum með tilstuðlan tjónabóta frá Viðlagatryggingu Íslands en ekki með ráðdeild og góðum vinnubrögðum í rekstri hreppsins. Hér er auðvitað ekki um að ræða viðunandi fjármálastjórn í sveitarfélagi.*

*Ákveðnar fjárfestingar sveitarfélagsins á árinu vekja eftirtekt. Til dæmis er um að ræða vatnsveituframkvæmd uppá rúmar 15 millj. kr. Hér er um að ræða skammtíma lausn sem farið var í síðastliðið haust vegna óska Reykjagarðs ehf. Skammtímalausn með tilliti til þess að vitað er af viðvarandi neysluvatnsskorti víða í sveitarfélaginu. Nær hefði verið að fara út í varanlega lausn með lagningu vatnsveitu ofan af Rangárvöllum eins og áætlanir eru uppi um. Framkvæmd sem hefði kostað litlu meira en sú bráðabirgðalausn sem áður er nefnd. Eins má nefna sameiginlega fjárfestingu Rangárþings ytra og Ásahrepps í leiguhúsnæði á Laugalandi. Hér er framkvæmd sem vekur mikla furðu. Um er að ræða tvö parhús, 4 íbúðir með bílskúr hver að flatarmáli 176 $m^2$. Í framlögðum reikningi kemur fram að hér er um nýfjárfestingu að ræða uppá rúmar 105 millj. kr. eða rúmar 26 millj. pr. íbúð. Það skal þó tekið fram að enn er ekki að fullu lokið við framkvæmdina þannig að enn á eftir að bætast við byggingakostnaðinn. Það er auðvitað alveg ljóst að hér er verið að ná þeim árangri hvað varðar byggingakostnað og stjórnun þessara framkvæmda að ekki er til eftirbreytni og mun vandfundinn jafnhár byggingakostnaður á landsvísu. Eftir standa þessar fasteignir og sá mikli fjárhagslegi baggi sem þeim fylgir fyrir sveitarfélagið til framtíðar.*

*Sérstaka athygli vekur það sem kemur fram í skýrslu endurskoðanda sveitarfélagsins, að það muni vanta árlega 20,8 millj. kr. til að standa við afborganir langtímalána miðað við óbreyttar forsendur hvað varðar tekjur og rekstrargjöld. Fulltrúar minnihlutans hafa ítrekað varað við, í ræðu og riti, þeirri útþenslustefnu sem verið hefur ríkjandi frá því að núverandi meirihluti tók til starfa. Stjórnsýslubáknið hefur þanist út, nefndir á nefndir ofan með viðeigandi kostnaði svo ekki sé nú talað um þenslu í yfirstjórn sveitarfélagsins. Marg oft hefur verið bent á að beinn kostnaður vegna yfirstjórnar er óheyrilega hár og ekki í neinum takti við það sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum. Það er jafnframt sorgleg staðreynd að þrátt fyrir stóraukinn kostnað við yfirstjórn þá virðist það ekki skila sér í bættri stjórnun á sveitarfélaginu. Að okkar mati er ekki verið að framkvæma þá vinnu sem þarf til að snúa vörn í sókn,og því ekki hægt að gera ráð fyrir betri niðurstöðu í framtíðinni.*

*Að okkar mati gefa reikningar sveitarfélagsins fyrir árið 2002 ekki rétta mynd af fjárhagsstöðu sveitasjóðs. Fyrir liggur að ekki er enn búið að framkvæma viðgerðir á öllum eignum sveitarfélagsins er urðu fyrir tjóni í jarðskjálftunum árið 2000, þó búið sé að greiða tjónabætur að fullu fyrir viðkomandi eignir. Tekið skal fram að hér er ekki verið að tala um þær eignir sem ákveðið hefur verið að afskrifa,selja eða hafa þegar verið rifnar. Þetta gerir það að verkum að aðalsjóður sýnir betri stöðu en hann ætti að gera ef þetta væri rétt fært í bókhaldi. Það er einnig mjög sérkennilegt að sjá Eignasjóð skila hagnaði inn í aðalsjóð, umfram það sem gert er ráð fyrir í reglum þar að lútandi. Að okkar mati ætti að gera Eignasjóð upp á núlli, ár hvert.*

*Undirritaðir hvetja til þess að farið verði í að endurskoða stjórnsýslu sveitarfélagsins með niðurskurð á yfirstjórn í huga og aukinni skilvirkni í þjónustu við íbúa. Við vörum á hinn bóginn við auknum álögum á íbúa, nóg er að gert í þeim efnum.*

*Með vísan til ákveðinna atriða sem varða stöðu tjónabóta og fram koma fyrr í bókun þessari, sjáum við undirrituð okkur ekki fært að samþykkja fyrirliggjandi ársreikninga Rangárþings ytra og stofnana sveitarfélagsins.*

*Undirritaðir fulltrúar minnihluta í sveitarstjórn Rangárþings ytra: Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Margrét Eggertsdóttir.*

Margrét vék af fundi eftir afgreiðslu ársreikninganna kl. 18:45.

***Bókun meirihluta hreppsnefndar Rangárþings ytra vegna afgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs og tengdra stofnana fyrir árið 2002:***

*Bókun þessi er svar við bókun fulltrúa K- og Ó-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra.*

*Fram kemur í bókun fulltrúa K- og Ó-lista að rekstrargjöld hafi verið tæpar 38 milljónir króna umfram rekstrartekjur. Ef sanngirni hefði gætt í bókun þessara fulltrúa, hefði komið fram, að um mjög fjölþættan rekstur er að ræða hjá sveitarfélaginu og ólíkan því sem gerist hjá sveitarfélögum af sambærilegri stærð. Það sem fram kemur í bókun þessara fulltrúa um kostnað við yfirstjórn er hefðbundið umkvörtunarefni þessara fulltrúa minnihlutans. Það sem ekki er sagt er að rekstur yfirstjórnar er alls ekki eins margbrotinn og víða er hjá sambærilegum sveitarfélögum hvað varðar íbúafjölda. Kostnaður við sveitarstjórn er 4,6% af skatttekjum og kostnaður við skrifstofu sveitarfélagsins er 13,3% af skatttekjum. Skrifstofan annast öll skrifstofustörf sveitarfélagsins og allra stofnana þess.*

*Fulltrúar K- og Ó-lista bóka að skuldaaukning hafi verið mikil á árinu 2002. Þeir geta þess hins vegar ekki að meirihluti af lántöku ársins var ákveðinn af sveitarstjórnum hinna gömlu sveitarfélaga vegna stórfelldra fjárfestinga sem þær höfðu ákveðið. Í þessu sambandi má nefna byggingu íbúða að Laugalandi og íþróttahúss í Þykkvabæ. Byggingarkostnaður á hvern fermetra á Laugalandi er kr. 147 þús. sem alls ekki er óraunhæft fyrir þetta stórt húsnæði á erfiðu byggingarlandi. Benda má á að þetta er sambærilegur kostnaður á hvern fermeter og við byggingu íþróttahússins í Þykkvabæ. Furðu vekur að þessir fulltrúar hafi ekki veitt því athygli að móti hækkun skulda um 125 milljónir króna liggur fjárfesting upp á 174,7 milljónir króna.*

*Augljóst virðist að bókun fulltrúa K- og Ó-listans um vatnsveituframkvæmdir á árinu 2002, og fyrirhugaðar nýjar virkjanir vatnsbóla á Rangárvöllum og víðar, virðist ekki byggjast á djúpstæðri þekkingu þeirra á málaflokknum. Eingöngu vegalengdin frá hugsanlegum vatnsbólum í Geldingalæk hefði hleypt stofnkostnaði upp um margar milljónir króna, svo ekki sé talað um rekstrarkostnað. Við þær aðstæður sem uppi voru um haustið 2002, í kjölfar mikilla fjárfestinga fyrr á árinu, var það samdóma álit allra, að sú framkvæmd sem farið var í væri mjög viðunandi lausn til þess að efla atvinnulíf innan sveitarfélagsins.*

*Um óuppgerðar viðgerðir vegna jarðskjálfta er það að segja, að ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að yfirfærsluverð eigna frá aðalsjóði til eignasjóðs hafi verið óraunhæft. Að mati endurskoðenda*

*sveitarfélagsins er um viðunandi nálgun að ræða og auðvelt að gera leiðréttingar ef fram kemur að viðgerðir verði kostnaðarsamar og erfiðar.*

*Undirritaðir fulltrúar meirihlutans í hreppsnefnd Rangárþings ytra vísa á bug öllum órökstuddum fullyrðingum og dylgjum fulltrúa K- og Ó-listans í bókun þeirra.*

*Undirritaðir fulltrúar meirihluta hreppsnefndar Rangárþings ytra: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.*

**5. Umsókn um afnot af landi vestan Kirkjubæjarvegar:**
Bréf dagsett 15/7´03 frá stjórn Strandarvallar ehf. þar sem óskað er eftir að fá afnot af landi, vestan við Kirkjubæjarveg og sunnan sorpurðunarsvæðis, til afnota fyrir æfingavöll.

Tekið jákvætt í erindið. Erindinu vísað til eignaumsjónar til frekari úrvinnslu.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna vanhæfis sökum setu í stjórn Strandarvallar ehf.

**6. Jarðvegsfok úr kartöfluökrum að Lyngási:**
Lagt fram bréf dagsett 14/7´03 frá Málflutningsskrifstofunni sem er greinargerð um réttarstöðu sveitarfélagsins og íbúa vegna jarðvegsfoks úr kartöfluökrum að Lyngási.

Samþykkt samhljóða að senda íbúum að Lyngási og umhverfisnefnd greinargerðina.

**7. Holtamannaafréttur - skipting tekna og kostnaðar:**
3. og 4. liður fundargerðar samráðsnefndar vegna Holtamannaafréttar frá 10/7´03, sem var frestað á síðasta hreppsnefndarfundi.

Varðandi 3. lið: Samþykkt tillaga fulltrúa Ásahrepps um að samráðsnefndin taki að sér stjórn og skipulag fjallskila að sinni með 7 atkvæðum, einn situr hjá (VV).

Varðandi 4. lið: Samþykkt samhljóða tillaga fulltrúa Ásahrepps um að óskað verði sameiginlega með hreppsnefnd Ásahrepps eftir áliti félagsmálaráðuneytisins.

**8. Umboð til hreppsráðs til afgreiðslu erinda í sumarleyfi hreppsnefndar:**

Samþykkt samhljóða að hreppsráð geti annast fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi hreppsnefndar.

**9. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**
Skinfaxi - Ungmennafélag Íslands 9/7´03.
Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 7.000.-

**10. Annað efni til kynningar:**
EFTA málþing fyrir sveitarstjórnarmenn í EFTA ríkjunum 10. júní 2003.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.30
Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**18. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 14. júlí 2003, kl. 18:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Viðar H. Steinarsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Heimir Hafsteinsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar, Lúðvík Bergmann og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti, setti fund. Valtýr bar upp breytingu á dagskrá, viðbót við 2. lið, nýr 6. liður, 6. og 7. liður færast niður samsvarandi.

Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerð hreppsráðs:**
Lögð fram fundargerð 27. fundar hreppsráðs frá 10/7´03, sem er í 13 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
Lögð fram fundargerð samráðsnefndar um Holtamannaafrétt þann 10/7´03, sem er í 5 liðum.

Samþykkt samhljóða að fresta 3. og 4. lið til næsta fundar.
Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
Engar fundargerðir liggja fyrir.

**4. Hitaveita Rangæinga - ósk um ábyrgð "in solidum" á lántöku:**
Lagt fram bréf til félagsmálaráðuneytisins dagsett 8. júlí 2003, þar sem óskað er eftir álitsgerð varðandi lögmæti ábyrgðaskuldbindinga sveitarfélaga.

Lagt fram álit frá félagsmálaráðuneytinu, dagsett 10. júlí 2003.
Fram kemur að félagsmálaráðuneytið álítur að Rangárþingi ytra sé heimilt að ganga í ábyrgð fyrir lántöku fyrir Hitaveitu Rangæinga "in solidum"

"Yfirlýsing um óskipta ábyrgð" aðildarsveitarfélaga fyrir lántöku Hitaveitu Rangæinga að upphæð kr. 300.000.000 lögð fram til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

**5. Ársreikningur Rangárþings ytra og tengdra stofnana fyrir árið 2002 - lagðir fram til fyrri umræðu.**

Sveitarstjóri leggur fram ársreikninga fyrir Rangárþing ytra ásamt sundurliðun. Einnig lagðir fram ársreikningar fyrir Menningarmiðstöðina að Laugalandi, Leikskólann Laugalandi, leiguíbúðir að Laugalandi, eignasjóð Laugalands og Holtaveitu. Sveitarstjóri les upp helstu niðurstöðutölur úr samstæðureikningi.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi samstæðu sveitarfélagsins:

**Rekstrarreikningur:**

| | |
|---|---|
| Rekstrartekjur | kr. 495.113.315 |
| Rekstrargjöld | kr. 514.303.294 |
| Fjármagnsgjöld | kr. 18.720.929 |
| Rekstrarniðurstaða | kr. (37.910.908) |

**Efnahagsreikningur:**

| | |
|---|---|
| Eignir: | |
| Fastafjármunir | kr. 843.352.585 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | kr. 114.720.024 |
| Veltufjármunir | kr. 151.307.349 |
| Eignir samtals | kr. 1.109.379.958 |

**Skuldir og eigið fé:**

| | |
|---|---|
| Eiginfjárreikningur | kr. 555.265.948 |
| Lífeyrisskuldbindingar | kr. 11.814.687 |
| Langtímaskuldir | kr. 380.314.942 |
| Skammtímaskuldir | kr. 161.984.381 |
| Eigið fé og skuldir samtals | kr. 1.109.379.958 |

Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningunum til síðari umræðu.

**6. Svör við fyrirspurnum fulltrúa K og Ó lista.**

Sveitarstjóri lagði fram yfirlit um viðhald og tjónabætur áranna 2000-2002 á eignum hreppsins og kostnað v/heimasíðu nóv. 2002 til maí 2003.

**7. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**
Engin erindi liggja fyrir.

**8. Annað efni til kynningar:**
a) Ársskýrsla og ársreikningur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir árið 2002.
b) Snertill ehf. 8/7´03 - svar við uppsögn samnings.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:30.
Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**17. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 7. júlí 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti, setti fund.

**1. Fundargerð hreppsráðs:**
Lögð fram fundargerð 26. fundar hreppsráðs 26/3´03, sem er í 24 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Jafnréttisnefnd 30/6´03, sem er í 2 liðum.
Tillaga að jafnréttisáætlun Rangárþings ytra lögð fram.

Varðandi l. lið fundargerðarinnar er afgreiðslu jafnréttisáætlunar frestað þar til starfsmannastefna Rangárþings ytra liggur fyrir. Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

b) Skipulags- og bygginganefnd - 13. fundur 3/7´03, sem er í 10 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Sameiginleg barnaverndarnefnd - 12. fundur 20/6´03, sem er í 1 lið.
b) Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 20. fundur 25/6´03, sem er í 3 liðum.
c) Félagsmálanefnd - 15. fundur 26/6´03, sem er í 5 liðum.
d) Samband íslenskra sveitarfélaga - 704. stjórnarfundur 20/6´03.
e) Héraðsnefnd - vorfundur 25/6´03.
f) Atvinnu- og ferðamálanefnd, hálendisnefnd og umhverfisnefnd - sameiginlegur fundur 27/6´03. Meðfylgjandi er bréf frá sveitarstjóra til Umhverfisstofnunar, dagsett 27/6´03.

**4. Hitaveita Rangæinga - ósk um ábyrgð "in solidum" á lántöku:**
Lögð fram ósk Hitaveitu Rangæinga til Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Ásahrepps, um óskipta ábyrgð, "in solidum", á 300.000.000 kr. skuldabréfaláni til 25 ára.

Afgreiðslu frestað og samþykkt samhljóða að leita skriflegs álits félagsmálaráðuneytisins á lögmæti ábyrgðarinnar.

**5. Vistheimilið í Gunnarsholti - tillaga að ályktun - og umræður um atvinnumál:**
**Tillaga að ályktun um boðaða lokun Vistheimilisins í Gunnarsholti, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 7. júlí 2003:**

Í tilefni af fréttum um lokun Vistheimilisins .i Gunnarsholti óskar hreppsnefnd Rangárþings ytra eftir viðræðum við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framtíðarstarfsemi á svæðinu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Umræður urðu um atvinnumál í sveitarfélaginu.

**6. Byggðasamlagið "Atvinnu- og ferðamálaverkefni Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs.":**
Lögð fram tillaga að stofnsamningi fyrir byggðasamlagið "Atvinnu- og ferðamálaverkefni Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs.".

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga lögð fram um að Lúðvík Bergmann verði aðalfulltrúi í stjórn byggðasamlagsins og Ingvar Pétur Guðbjörnsson varamaður.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

**7. Óskráðar bifreiðar og tækjaleyfar á opnum svæðum og götum:**
Samþykkt samhljóða að hugað verði að átaki í sveitarfélaginu við að hreinsa burt óskráðar bifreiðar og tækjaleyfar.

**8. Tillaga að gjaldskrá Rangárþings ytra fyrir þjónustu vegna skipulags- og byggingamála:**

**Tillaga að gjaldskrá**
**vegna þjónustu skipulags- og byggingafulltrúa og skipulags- og bygginganefndar skv. Skipulags- og byggingalögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.**

**1. gr.**
**Fyrir byggingaleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:**

**1.1. Íbúðarhúsnæði:**
Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu bygg-ingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | |
|---|---|
| Einbýlishús | kr. 68.054.- |
| Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð | kr. 56.712.- pr. íbúð. |
| Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum | kr. 47.638.- pr. íbúð. |
| Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri | kr. 40.832.- pr. íbúð. |
| Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri | kr. 34.027.- pr. íbúð. |

**1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:**
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | |
|---|---|
| Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfflötur allt að 500 fermetrar | kr. 68.054.- |
| Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfflötur stærri en 500 fermetrar | kr. 90.738.- |

**1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:**
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | |
|---|---|
| Frístundahús | kr. 56.712.- |
| Smáhýsi allt að 25 m² ( Aukahús við frístunda- og íbúðarhús )allt að | kr. 28.356.- |
| Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, útihús á lögbýlum og viðbyggingar allt að 20 ferm. | kr. 28.356.- |
| Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar | kr. 39.698.- |

Byggingaleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingaleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

**2. gr.**
**Afgreiðslu- og þjónustugjöld:**

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld.

| | |
|---|---|
| Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar | kr. 30.000.- |
| 2/3 staðfestingargjalds ganga uppí byggingarleyfisgjald. | |
| Afgreiðslugjald í Skipulags- og byggingarnefnd | Kr. 4.000.- |
| Hver endurskoðun aðaluppdrátta | kr. 7.000.- |
| Endurnýjun leyfis án breytinga | kr. 5.000.- |
| Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt | kr. 11.500.- |
| Vottorð vegna vínveitingaleyfa | kr. 11.500.- |
| Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun | kr. 7.000.- |
| Framkvæmdaleyfi | kr. 11.500.- |
| Fyrir grenndarkynningu | kr. 32.500.- |
| Fyrir breytingu á lóðarsamningi | kr. 20.000.- |

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði.

**3. gr.**

Sveitastjórn Rangárþings ytra er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

**4. gr.**

*Breytingar á fjárhæð gjalda.*
Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2003 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2003 er 278 stig.
Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra 7. júlí 2003.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (H.H. og Þ.S.).

**9. Dreifing ársreikninga fyrir árið 2002 og ákvörðun um fundi:**
Ársreikningur Rangárþings ytra fyrir árið 2002 ásamt sundurliðun stofnana að Laugalandi, fjárfestingayfirliti og endurskoðunarskýrslu dreift.

Lögð fram tillaga um vinnufund um ársreikninginn með starfsmönnum KPMG, mánudaginn 14/7´03 kl. 16:00 og kl. 18:00 s.d. verði fundur í hreppsnefnd þar sem reikningurinn verður lagður fram formlega til fyrri umræðu.
Síðari umræða og afgreiðsla ársreikningsins verður á hreppsnefndarfundi 21/7´03 kl 16:00.

Reglulegur fundur ágústmánaðar fellur niður vegna sumarleyfa.

Samþykkt samhljóða.

**10. Ósk um kaup á lóðum í Merkihvoli:**
Lögð fram ósk frá Þóri Ómari Grétarssyni, kt. 020762-2099 og Árdísi Sigmundsdóttur kt. 270663-5089, um kaup á lóðum nr. 16 og 18 í landi Merkihvols.

Samþykkt samhljóða að selja Þ.Ó.G. og Á. S. lóðirnar fyrir kr. 175.000 hvora lóð, að viðbættri hækkun vegna breytinga á vísitölu neysluverðs frá september 2002.

**11. Ósk um kaup á spildu úr landi Merkihvols:**
Lagt fram bréf, móttekið 16/6´03, frá Sæmundi Guðmundssyni, Eyrúnu Óskarsdóttur og Petrínu Sæmundsdóttur þar sem þau óska eftir því að kaupa spildu úr landi Merkihvols.
Vísað til hreppsnefndar á hreppsráðsfundi 26/6´03. Söluverð er kr. 150.000.

Samþykkt að selja S.G., E.Ó. og P.S. spildu úr landi Merkihvols með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

**12. Ólafur Þorsteinsson - tvær spildur úr landi Guttormshaga verði leystar úr landbúnaðarnotum:**
Lögð fram ósk frá Ólafi Þorsteinssyni, móttekin 1/7´03, um samþykki sveitarstjórnar við því að tvær spildur, samtals 23ha úr landi Guttormshaga, verði leystar úr landbúnaðarnotum, sbr. 12. gr. laga nr. 65/1976 m. síðari breytingum.

Samþykkt samhljóða.

**13. Vegagerðin - endurbætur á vegi í Skjólkvíar:**
Lagt fram bréf frá Vegagerðinni til Hekluferða, dagsett 10/6´03, varðandi afgreiðslu styrks til lagfæringar á vegi í Skjólkvíar. Styrkurinn er veittur samkvæmt heimild í 16. gr. vegalaga nr. 45/1994 og telst styrkþegi því veghaldari vegarins.

Samþykkt samhljóða að fela formanni samgöngunefndar Rangárþings ytra að ræða við styrkhafa um framhald málsins.

**14. Greiðsla á kostnaði við tónlistarskólagöngu í Reykjavík:**
Rætt um nám nemenda frá Rangárþingi ytra í tónlistarskólum í Reykjavík og fyrirhugaða gjaldtöku Reykjavíkurborgar. Vísað til hreppsnefndar á hreppsráðsfundi 26/6´03.

Samþykkt samhljóða til bráðabirgða, að gefa leyfi fyrir greiðslu skólagjalda vegna framhaldsnáms nemenda frá Rangárþingi ytra í tónlistarskólum í Reykjavík. Þegar Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lokið tillögugerð um málið verður þessi ákvörðun endurskoðuð.

**15. Kapalkerfið á Hellu - árlegar endurbætur:**
Rætt um rekstur sveitarfélagsins á Kapalkerfinu á Hellu.

Samþykkt samhljóða að skoða fyrirkomulag rekstrarins til framtíðar.

**16. Umsögn um gisti- og samkomuleyfi:**
Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Hvolsvelli, dagsett 30/6´03, þar sem óskað er umsagnar um umsókn um brennuleyfi, gisti-, veitinga- og samkomuleyfi v/ Bindindismóts í Galtalækjarskógi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að framangreind leyfi verði veitt.

**17. Pegasus Pictures - umsókn um leyfi til lokunar vegna v/kvikmyndatöku:**
Lagt fram bréf frá Pegasus Pictures, dagsett 27/6´03, þar sem sótt er um leyfi til lokunar vega 14., 15. og 22, júlí n.k. vegna kvikmyndatöku.

Samþykkt samhljóða að mæla ekki með lokun þeirra vega sem tilgreindir eru í erindinu.

**18. Töðugjöld ehf. - umsókn um afnot af íþróttahúsinu á Hellu fyrir dansleik:**
Lagt fram bréf frá Töðugjöldum ehf., dagsett 2/7´03, þar sem óskað er eftir afnotum af íþróttahúsinu á Hellu til dansleikjahalds 15. og 16. ágúst n.k.

*Bókun vegna bréfs frá Töðugjöldum ehf., dagsett 2. júlí 2003, undirritað af Antoni Viggóssyni.*
*Undirritaður vill láta færa eftirfarandi til bókar til að leiðrétta misskilning sem fram kemur í áðurnefndu bréfi:*

1. *Fram kemur í lið nr. 3, að undirritaður hafi gefið umsögn um þá hugmynd að halda dansleiki Töðugjalda í Íþróttahúsinu á Hellu. Þetta er ekki rétt, undirritaður var ekki beðinn um slíka umsögn og hefði ekki gefið ef um hefði verið beðið.*
2. *Sagt er í áðurnefndu bréfi að gestir á Töðugjöldum 2002 hafi verið 10-15 þúsund. Gagnlegt væri að vita hvaðan slíkar upplýsingar komu. Undirritaður telur sig vita að gestir á Töðugjöldum 2002 hafi verið á bilinu 3-5 þúsund.*
3. *Sagt er í áðurnefndu bréfi að "aðeins 500 manns" hefðu keypt sig inn á aðaldansleiki Töðugjalda 2002. Rétt tala er um 1100 manns keyptu sig inn á áðurnefnda dansleiki.*

*Með von um vandaðri vinnubrögð. Viðar H. Steinarsson.*

Erindinu hafnað samhljóða.

**19. Gerð heimasíðu:**
Lögð fram greinagerð um vinnulag á skoðun þeirra tveggja aðila sem þóttu koma til greina við gerð heimasíðu fyrir Rangárþing ytra.
Lagt er til að gengið verði til samninga við Úrlausnir/Óla Má Aronsson um gerð og viðhald vefsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (H.H., Þ.S., L.B. og V.H.S.).

*Undirritaðir fulltrúar minnihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra harma ófagleg og illa ígrundaða niðurstöðu meirihlutans við val á aðila varðandi gerð og viðhald vefsíðu sveitarfélagsins. Fyrir liggur að tilboð annarra aðila voru hagstæðari en það sem ákveðið hefur verið að ganga að. Hér er því tvímælalaust um pólitíska ákvörðun að ræða. Jafnframt óskum við eftir að niðurstöðutölur tilboða verði birtar eins fljótt og auðið er. Viðar Steinarsson, Heimir Hafsteinsson, Þröstur Sigurðsson.*

*Bókun meirihluta hreppsnefndar Rangárþings ytra, vegna bókunar fulltrúa Ó- og K-lista í hreppsnefnd.*

*Vísað er á bug yfirlýsingum fulltrúa Ó- og K-listans í hreppsnefnd Rangárþings ytra, að um meinta ófaglega og illa ígrundaða niðurstöðu sé að ræða við tillögugerð meirihlutans. Ekki var um pólitíska ákvörðun að ræða utan þess, sem tekin var samhljóða í hreppsnefnd, um að samið skyldi við heimaaðila um gerð heimasíðu sveitarfélagsins. Um upplýsingar úr tilboðum er vísað í áður birt gögn. Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.*

**20. Fyrirspurnir frá Eggert Guðmundssyni, Heimi Hafsteinssyni og Viðari H. Steinarssyni:**
Sveitarstjóri og oddviti svöruðu fyrirspurnum. Einnig svaraði Sigurbjartur Pálsson fyrirspurnum varðandi Fiskeldisstöðina í Fellsmúla.

Heimir Hafsteinsson lætur bóka, fyrir hönd fyrirspyrjenda, að svörin séu ekki fullnægjandi.

Samþykkt samhljóða að fresta umræðum um fyrirspurnirnar.

**21. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Kynningarfundur um drög að Náttúruverndaráætlun 2003-2008:

Til kynningar.

b) Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. - aðalfundarboð 9/7´03:

Til kynningar.

c) Eyjólfur Guðmundsson 27/6´03 - tilboð um leigu á húsnæði að Bjargi:

Til kynningar.

**22. Annað kynningarefni:**

a) Vegagerðin 26/6´03 - um skemmdir á vegi nr. F208 norðan Hrauneyjafells.

b) Félagsmálaráðuneytið 24/6´03 - um úthlutun tekjujöfnunarframlags árið 2003.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:00.
Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**16. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 16. júní 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti, setti fund.

**1. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs:**
Lögð fram tillaga um að Valtýr Valtýsson, verði oddviti og Engilbert Olgeirsson, varaoddviti til eins árs.

Samþykkt með fimm atkvæðum, en þrír sátu hjá (H.H., V.H. S. og E.V.G.)

**2. Kosning formanns og varaformanns hreppsráðs til eins árs:**
Valtýr Valtýsson leggur fram tillögu um að Sigurbjartur Pálsson og Valtýr Valtýsson verði aðalmenn í hreppsráði af hálfu meirihluta hreppsnefndar og varamenn Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson til eins árs.
Heimir Hafsteinsson leggur til að Viðar H. Steinarsson verði aðalmaður í hreppsráði af hálfu minnihluta hreppsnefndar og Heimir Hafsteinsson varamaður til eins árs.
Tillaga um að Sigurbjartur Pálsson verði formaður og Valtýr Valtýsson, varaformaður.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerð hreppsráðs:**
Lögð fram fundargerð 25. fundar hreppsráðs 22/5´03, sem er í 18 liðum.

Lúðvík Bergmann mætti á fundinn kl. 16:30.

Fundargerðin samþykkt með sjö atkvæðum, en tveir sitja hjá (H.H. og E.V.G.).

**4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Umhverfisnefnd 12. fundur 22/5´03, sem er í 6 liðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Fræðslunefnd - 17. fundur 19/5´03, sem er í 9 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Ráðning Valgerðar Guðjónsdóttur í stöðu aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann á Hellu samþykkt með átta atkvæðum, einn sat hjá (H.H.).

c) Fræðslunefnd - 18. fundur 31/5´03, sem er í 4 liðum.

Samþykkt samhljóða.

d) Fræðslunefnd - 19. fundur 4/6´03, sem er í 6 liðum.

Samþykkt samhljóða.

e) Nefnd um fyrirkomulag embættis skipulags- og byggingafulltrúa - 4. fundur 26/5´03, sem er í 3 liðum.

Samþykkt samhljóða.

f) Skipulags- og bygginganefnd - 12. fundur 5/6´03, sem er í 12 liðum.

Samþykkt samhljóða.

g) Íþrótta- og æskulýðsnefnd - 9. fundur 11/6´03, sem er í 3 liðum.

Samþykkt samhljóða.

h) Atvinnu- og ferðamálanefnd - 9. fundur 11/6´03, sem er í 6 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**5. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Sameiginleg barnaverndarnefnd - 10. fundur 28/5´03, sem er í 1 lið.
b) Sameiginleg barnaverndarnefnd - 11. fundur 29/5´03, sem er í 8 liðum.
c) Félagsmálanefnd 14. fundur 3/6´03, sem er í 5 liðum.
d) Ferðamálafélagið Hekla - 1. stjórnarfundur 2/6´03. Atvinnu- og ferðamálafulltrúi sendi frétt frá fundinum.
e) Hitaveita Rangæinga - 9. stjórnarfundur 30/5´03.
f) Skólaskrifstofa Suðurlands - 65. stjórnarfundur 28/5´03.
g) Sorpstöð Suðurlands - 104. stjórnarfundur 19/5´03.
h) Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 55. fundur 21/5´03.
i) Samband íslenskra sveitarfélaga - 703. stjórnarfundur 16/5´03.
j) Jafnréttisnefnd - 2. fundur 5/6´03, sem er í 1 lið.
k) Jafnréttisnefnd - 3. fundur 11/6´03, sem er í 1 lið.

**6. Lex ehf. lögmannsstofa - athugasemdir vegna niðurstöðu í aðalskipulagstillögu:**
Lagt fram bréf frá LEX ehf lögmannsstofu, dagsett 4/6´03, þar sem fram koma athugasemdir vegna niðurstöðu í aðalskipulagstillögu varðandi svæði fyrir frístundahúsabyggð í Selsundi og ósk um að gerð verði breyting á aðalskipulagi. Meðfylgjandi er yfirlýsing eigenda jarðarinnar og ábúenda frá 1. febrúar 2003 um gerð deiliskipulags fyrir frístundahúsabyggð og önnur atriði.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að svara erindinu, útskýra gang mála við afgreiðslu aðalskipulagstillögu og að benda á möguleika til breytinga á aðalskipulagi samhliða afgreiðslu deiliskipulagstillögu.

**7. Uppblástur jarðvegs úr kartöflugörðum að Lyngási:**

Lagt fram bréf frá íbúum á Lyngási, dagsett í maí 2003, þar sem þeir óska eftir því að sveitarstjórn geri allt sem í hennar valdi er til að bæta úr því ástandi sem ríkir.

Samþykkt samhljóða að leita álits sérfróðs lögmanns varðandi þessi mál.

**8. Tillaga að gjaldskrá Rangárþings ytra fyrir þjónustu vegna skipulags- og byggingamála:**
Lögð fram tillaga að gjaldskrá vegna þjónustu skipulags- og byggingafulltrúa og skipulags- og bygginganefndar skv. Skipulags- og byggingalögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.
Afgreiðslu frestað.

**9. Sumarfundir hreppsnefndar:**

Sveitarstjóri ræddi um fyrirkomulag funda á næstu vikum.

**10. Ársskýrslur leikskólanna fyrir starfsárið 2002 - 2003 - staðfesting:**
Lagðar fram ársskýrslur leikskólanna Heklukots, Gljábæjar og Leikskólans á Laugalandi fyrir starfsárið 2002 - 2003.

Samþykktar samhljóða og afgreiddar til menntamálaráðuneytisins.

**11. Mosfell ehf. - ítrekun á umsókn:**
Lagt fram bréf frá Mosfelli ehf., móttekið 23/5´03, þar sem ítrekuð er umsókn vegna álagðra fasteignaskatta árið 2003.

Fulltrúar hreppsnefndar munu fara á fund forsvarsmanna Mosfells ehf. næstu daga.

**12. Leiðbeiningar til sveitarstjórna um reglur um fjárhagsaðstoð:**
Lagt fram bréf frá Guðmundi Inga Gunnlaugssyni, sveitarstjóra, dagsett 23/5´03, til hreppsnefndarfulltrúa Rangárþings ytra varðandi leiðbeiningar frá félasmálaráðuneytinu til sveitarstjórna um reglur um fjárhagsaðstoð. Meðfylgjandi er bréf félagsmálaráðuneytisins, dagsett 15/5´03.

Samþykkt samhljóða að fela félagsmálanefnd að semja tillögu að reglum um fjárhagsaðstoð í Rangárþingi ytra.

**13. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. - "Sveitarstjórnarpakki":**
Lagt fram bréf frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., dagsett 19/5´03, þar sem félagið óskar eftir því að fá að gera tilboð í vátryggingar sveitarfélagsins, "Sveitarstjórnarpakkann".

Samþykkt samhljóða að segja upp núgildandi tryggingum sveitarfélagsins m.v. 1. júlí 2003 með 6 mánaða fyrirvara og leita tilboða að nýju.

**14. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands - styrkveitingar 2003:**
Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélagi Íslands, dagsett 28/5´03, þar sem fram koma ábendingar um fyrirhugaðar styrkveitingar 2003.

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til umhverfisnefndar, menningarmálanefndar, samgöngunefndar og atvinnu- og ferðamálanefndar til skoðunar.

**15. Landgræðsla ríkisins - leigusamningur um landspildu í Gunnarsholti:**
Lögð fram umsókn frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 28/5´03, um samþykki við leigusamning um landspildu í Gunnarsholti við Harald Einarsson, kt. 180461-7019 og Súsönnu Jónsdóttur, kt 270762-3799, Heklugerði.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við samninginn.

**16. Vélhjólaklúbburinn (Vík) - Enduro keppni:**
Lagt fram bréf frá Gretti Rúnarssyni, dagsett 27/5´03, þar sem óskað er samþykkis sveitarfélagsins við Enduro keppni (keppni á torfærumótorhjólum), í landi Svínhaga 21/6´03.
Samþykkt samhljóða.

**17. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Landskerfi bókasafna 3/6'03 - aðalfundur 20. júní 2003.

Til kynningar.

b) Justitie-, Social-, Utbildnings- och Kulturdepartmenten i Sverige 30/5'03 - ráðstefnan "Involvera.nu" 20 - 21/10'03.

Til kynningar.

c) Ungmennafélagið Ingólfur 30/5'03 - leikjanámskeið að Laugalandi.

Vísað er í staðfesta fundargerð íþrótta- og æskulýðsnefndar 11/6' 03.

d) Bókaútgáfan Hólar 23/5'03 - kennslubókin "Allir geta eitthvað".

Hafnað.

e) SÁÁ - álfasala.

Samþykkt samhljóða að veita styrk kr. 10.000.-.

f) Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna.

Hafnað.

g) Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna 21/5'03.

Samþykkt samhljóða að veita styrk kr. 37.000.-.

**18. Annað kynningarefni:**
a) Skipulagsstofnun og Landsvirkjun 3/6'03 - aukinn frestur til þess að skila umsögn um mat á umhverfisáhrifum vegna virkjunar Þjórsár við Núp og Urriðafossvirkjun.
b) Þjóðhátíðarsjóður Seðlabanka Íslands 5/6'03 - styrkveiting til viðgerða á Hellnahelli og fleiri hellum 2003.
c) Foreldraráð Laugalandsskóla 27/5'03 - vegna merkinga skólabíla.
d) Samband íslenskra sveitarfélaga 26/5'03 - ábending vegna skila á ársreikningum.
e) Sorpstöð Rangárvallasýslu - ársskýrsla og ársreikningur fyrir árið 2002.
f) Menntamálaráðuneytið 20/5'03 - vakin athygli á ákvæðum laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.
g) Verðbréfastofan 26/5'03 - tilboð um milligöngu um útvegun lánsfjár.
h) Hreppsnefnd Ásahrepps 3/6'03 - kostnaðarskipting vegna Holtamannaafréttar.

Samþykkt samhljóða að óska eftir úrskurði félagsmálaráðuneytisins varðandi tekju- og kostnaðarskiptingu milli Rangárþings ytra og Ásahrepps um annað en fjallskilakostnað á Holtamannaafrétti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**15. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 5. maí 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Eggert V. Guðmundsson, Þröstur Sigurðsson í forföllum Heimis Hafsteinssonar og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti, setti fund, stjórnaði honum og bar upp tillögu um dagskrárbreytingar: Nýr 4. liður bætist við og færast aðrir liðir aftur sem því nemur og við liðinn fundarboð, námskeið, ráðstefnur o.fl. bætist við erindi frá Hálendismiðstöðinni Hrauneyjum.

Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
Engin fundargerð liggur fyrir.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
Skipulags- og bygginganefnd - 10. fundur 23/4´03, sem er í 21 lið.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Sorpstöð Suðurlands bs. - aðalfundur 23/4´03.
Ársskýrsla, ársreikningur og önnur gögn.

Samþykkt að senda umhverfisnefnd gögnin.

b) Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 54. fundur 23/4´03.

c) Hitaveita Rangæinga - aðalfundur 29/4´03.
Ársskýrsla og ársreikningur fyrir árið 2003.

**4. Tillaga um aukafjárveitingu til íþrótta- og æskulýðsmála:**
Oddviti lagði fram tillögu um 500.000.- kr. aukafjárveitingu til íþrótta- og æskulýðsmála sem varið verði til sértækra verkefna.

Samþykkt samhljóða.

**5. Sorpstöð Suðurlands bs. - tillaga að nýjum samþykktum:**
Lagt fram bréf frá Sorpstöð Suðurlands bs., dagsett 29. apríl 2003, þar sem óskað er staðfestingar sveitarstjórnar Rangárþings ytra á tillögu að nýjum samþykktum fyrir Sorpstöð Suðurlands bs.

Tillagan staðfest með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (Þ.S. og V.H.S.).

**6. Staðsetning og fjölgun gáma til losunar neysluúrgangs og hjólbarða:**
Lögð fram beiðni Jóns Sigurðssonar, móttekið 19/3´03, varðandi sorpgám í Reynifellshverfi og bréf frá Sorpstöð Suðurlands, dagsett 8/4´03, varðandi innsöfnun dekkja og samsettra pappírsumbúða í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Samþykkt samhljóða að hafa innsöfnun dekkja á aðalgámavöllum sveitarfélagsins, við Landvegamót, í Þykkvabæ og á Hellu.
Samþykkt samhljóða að finna hentugan stað fyrir gám við Reynifellshvefið.
Umhverfisnefnd verði upplýst um þessar ákvarðanir.

Einnig samþykkt samhljóða að fela umhverfisnefnd að;

a) Endurskoða staðsetningu gámavallar á Hellu.
b) Athuga fyrirkomulag á sorphreinsun í sveitarfélaginu.
c) Athuga og gera tillögu varðandi staðsetningar gámavalla almennt.

**7. Og fjarskipti hf - umsókn um aðstöðu fyrir GSM búnað:**
Lagt fram bréf frá Og fjarskiptum hf., dagsett 29/4´03, þar sem sótt er um aðstöðu fyrir GSM búnað í/á vatnsgeymi í Þykkvabæ.

Samþykkt samhljóða að gera hliðstæðan samning við Og fjarskipti hf. og er í dildi við Landssímann.

**8. Eignaval - sala á spildu úr landi Svínhaga:**
Lagt fram bréf frá Eignavali, dagsett 25/4´03, þar sem Grettir Rúnarsson, kt. 050274-3499, selur Hallgrími Jónssyni, kt. 070242-3119, spildu úr landi Svínhaga.

Samþykkt samhljóða og fallið frá forkaupsrétti.

**9. Skúli Ragnarsson og Efemía Gísladóttir - umsókn um skólavist utan sveitarfélagsins:**
Lagt fram bréf frá Skúla Ragnarssyni og Efemíu Gísladóttur, dagsett 27/4´03, þar sem þau sækja um skólavist fyrir son sinn í Hvolsskóla, Rangárþingi eystra, fyrir næsta skólaár.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (I.P.G., V.H.S., Þ.S. og E.V.G.).

**10. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Sigurjón Helgason 24/4´03, umsókn um styrk á móti húsnæðiskostnaði vegna búfræðináms á Hvanneyri. Vottorð um skólavist fylgir.

Lögð fram tillaga um að greiða húsaleigustyrk til nemenda í framhaldsnámi sem ekki geta notið húsaleigubóta vegna tímalengdar húsaleigusamnings í samræmi við lög um húsaleigabætur.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (S.P. og I.P.G.).

b) Hálendismiðstöðin Hrauneyjum 1/5´03.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til atvinnu- og ferðamálanefndar Rangárþings ytra.

**11. Annað kynningarefni:**
Félagsheimilið Brúarlundur - uppgjör vegna ársins 2002.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**14. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, þriðjudaginn 29. apríl 2003, kl. 17:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti, setti fund og stjórnaði honum.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
Hreppsráð 15/4´03, sem er í 20 liðum.

Bókun varðandi lið 12 í dagskrá hreppsráðsfundar frá 15. apríl s.l.
*Undirritaðir fulltrúar minnihluta hreppsnefndar Rangárþings ytra vilja benda á eftirfarandi varðandi umrætt málefni:*
*Í fyrsta lagi orkar hæfi hreppsráðsmanna á áðurnefndum fundi mjög tvímælis, en þeir sem afgreiddu tillöguna eru allir félagar í kórnum.*
*Í öðru lagi er í hæsta máta óeðilegt að verið sé að fjalla um leigu á Hellubíói frá kórnum til sveitarfélagsins áður en formleg sala á húsinu hefur farið fram.*
*Undirritaðir: Þröstur Sigurðsson og Heimir Hafsteinsson.*

Bókun meirihluta hreppsnefndar Rangárþings ytra vegna afgreiðslu á 12. lið, 23. fundargerðar hreppsráðs frá 15. apríl 2003:
*Hreppsráðsmenn sem sátu þann fund telja að hæfi þeirra til þess að fjalla um tillögur varðadi hugsagnlega leigu á Hellubíói eftir sölu þess, verði af henni, orki ekki tvímælis. Áður en hugsamleg tillaga um sölu og önnur viðskipti við Karlakór Rangæinga verður borinn upp í hreppsnefnd, munu fulltrúar ganga úr skugga um hæfi sitt til afgreiðslu hennar.*
*Í viðræðum og hugmyndum varðandi hugsanlega sölu Hellubíós til Karlakórs Rangæinga hefur frá upphafi legið fyrir, að kórinn sækist eftir að leigja hluta hússins til sveitarfélagsins.*
*Undirritaðir: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Engilbert Olgeirsson og Valtýr Valtýsson.*

Leiðrétting á lið 17, lið a, í fundargerðinni: Rétt er að seljandi er Grettir Rúnarsson, kt. 050274-3499, ekki Rúnar Gunnarsson.

Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sátu hjá (H.H. og Þ.S.).

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Húsnefnd MML - 6. fundur 14/4´03, sem er í 5 liðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Atvinnu- og ferðamálanefnd og hálendisnefnd - sameiginlegur fundur 22/4´03, sem er í 2 liðum.

Lagt fram bréf frá formanni hálendisnefndar, Árna Þór Guðmundssyni og formanni atvinnu- og ferðamálanefndar, Ingvari Pétri Guðbjörnssyni, dagsett 28/4´03, vegna afrétta sveitarfélagsins.
Einnig er lagt fram bréf frá sömu formönnum, dagsett 28/4´03, til samráðsnefndar um Holtamannaafrétt um sama málefni.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 14. fundur 15/4´03, sem er í 6 liðum.
b) Búfjáreftirlitsnefnd - 6. fundur 1/4´03, sem er í 3 liðum.
c) Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - 226. stjórnarfundur 21/3´03.

d) Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - 23. aðalfundur 21/3´03.
e) Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - 227. stjórnarfundur 21/3´03.
f) Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - 228. stjórnarfundur 11/4´03.
g) Skólaskrifstofa Suðurlands - 63. stjórnarfundur 14/3´03.
h) Sorpstöð Rangárvallasýslu - 79. stjórnarfundur 22/4´03.

**4. Kjörskrá fyrir Alþingiskosningarnar 10. maí 2003:**
Lögð fram kjörskrá Rangárþings ytra fyrir Alþingiskosningarnar, vorið 2003, gefin út af Hagstofu Íslands. Kjörskráin yfirfarin. Á kjörskrá eru 995, 523 karlar og 472 konur.
Samþykkt samhljóða.

**5. Landbúnaðarráðuneytið - sala á jörðinni Uxahryggur 2:**
Lögð fram drög að afsali þar sem Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins selur og afsalar jörðinni Uxahrygg 2 til Elínar Önnu Antonsdóttur, kt. 070237-4079 og Sveins Guðjónssonar, kt. 310830-2169. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við drögin á þessu stigi en óskar eftir því að endanlegur samningur verði sendur sveitarstjórn til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

**6. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Rithöfundasamband Íslands og fleiri - ráðstefna um norræna og íslenska menningarstefnu í deiglunni í Norræna húsinu, 9. - 10. maí 2003.

Samþykkt samhljóða að senda erindið til menningarmálanefndar Rangárþins ytra.

b) Alnæmissamtökin á Íslandi 15/4´03.

Styrkur kr. 10.000.- samþykktur samhljóða.

c) LAUF, landssamtök áhugafólks um flogaveiki.

Styrkur kr. 5.000.- samþykktur samhljóða.

**7 Annað kynningarefni:**
a) Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 10/4´03 - niðurlagning stjórna sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana.
b) Félagsmálaráðuneytið 12/4´03 - áætlun um úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2003.
c) Samband íslenskra sveitarfélaga 11/4´03 - ályktanir 63. fulltrúaráðsfundar 10/4´03.
d) Sunnlenska fréttablaðið 17/4´03 - frétt um athugun Rangárþings eystra á úrsögn úr Héraðsnefnd Rangæinga.
e) Varasjóður húsnæðismála 15/4´03 - úthlutun rekstrarframlaga vegna félagslegra íbúða vegna ársins 2003.
f) Vegagerðin 9/4´03 - bréf til Jóns og Tryggva ehf. um vegalagningu að nýbýli að Reiðholti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.
Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**13. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 7. apríl 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti, setti fund og bar upp tillögu að dagskrárbreytingu: Í lið 2 bætist við fundargerð samgöngunefndar 2/4 2003.
Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
Engin fundargerð liggur fyrir.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingr:**
a) Umhverfisnefnd 31/3´03, sem er í 4 liðum.
Samþykkt samhljóða.

b) Samgöngunefnd 2/4´03, sem er í 6 liðum.
Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Umhverfisnefnd 21/3´03, sem er í 2 liðum.
b) Sameiginleg barnaverndarnefnd 24/3´03, sem er í 3 liðum.
c) Atvinnu- og ferðamálanefnd 2/4´03, sem er í 5 liðum.
d) Skólaskrifstofa Suðurlands, stjórnarfundur 26/3´03.
e) Skólanefnd FSu 24/3´03.

**4. Tillaga að reglum um afslætti til lífeyrisþega af fasteignaskatti og þjónustugjöldum:**

**Tillaga að reglum um afslætti til lífeyrisþega af fasteignaskatti og þjónustugjöldum, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 7. apríl 2003:**

*Lagt er til að lífeyrisþegum verði veittur afsláttur af álögðum fasteignaskatti af íbúðarhúsnæði sem þeir búa í sjálfir samkvæmt eftirfarandi reglu:*
*Lágmarksafsláttur af fasteignaskatti til lífeyrisþega verði 25% þegar hlutfall tekjutryggingar er á bilinu 1% - 25%. Afslátturinn vaxi síðan hlutfallslega í samræmi við hlutfall tekjutryggingar og getur mestur orðið 100%.*

---

*Lagt er til að lífeyrisþegum verði veittur afsláttur af þjónustugjöldum vegna íbúðarhúsnæðis sem þeir búa í sjálfir samkvæmt eftirfarandi reglu:*
*Þjónustugjöldin eru eftirfarandi: Lóðarleiga, holræsagjald, sorpgjöld og vatnsgjald.*
*Lágmarksafsláttur af framantöldum þjónustugjöldum verði 12,5% þegar hlutfall tekjutryggingar er á bilinu 1% - 25%. Afslátturinn vaxi síðan hlutfallslega í samræmi við hlutfall tekjutryggingar og getur mestur orðið 50% þegar tekjutrygging er 100%.*
Greinargerð:
Við álagningu fasteignagjalda hjá fyrrum Rangárvallahreppi var framangreindum afsláttarreglum beitt vegna íbúðarhúsnæðis sem lífeyrisþegar bjuggu í sjálfir. Í hinum fyrri sveitarfélögunum voru í gildi afsláttarreglur sem gengu í sömu átt. Við fyrstu álagningu fasteignagjalda í Rangárþingi ytra, var þessum reglum fylgt við útreikning afslátta til lífeyrisþega, enda er kveðið á um það í samþykktum álagningarreglum að lífeyrisþegum skuli veittur afsláttur. Nauðsynlegt þykir að sveitarstjórn Rangárþings ytra afgreiði útfærðar aflsáttarreglur til þess að áretta um jafnræði allra íbúa sem við á.

Samþykkt með 8 atkvæðum, einn situr hjá. (HH)

**5. Einar Pálsson - ósk um viðræður um leigu á aðstöðu við Foss og Hungurfit:**
Lagt fram bréf frá Einari Pálssyni, dagsett 26/3´03, þar sem óskað er eftir viðræðum um leigu á húsum, hestaaðstöðu og landi fyrir tjaldsvæði að Fossi og Hungurfitjum.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til hálendisnefndar og hvetja hana til að svara erindum við fyrsta tækifæri.

**6. Skúli Ragnarsson og Efemía Gísladóttir:**
Lagt fram bréf frá Skúla Ragnarssyni og Efemíu Gísladóttur, dagsett 25/03, þar sem óskað er eftir að skólagjöld fyrir son þeirra, Þorgeir Gísla, í Hvolsskóla skólaárið 2002-2003, verði greidd til Rangárþings eystra.
Samþykkt að greiða skólagjöldin og miða við viðmiðunargjaldskrá sem gefin er út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir þetta skólaár, en jafnframt að benda á að drengurinn getur sótt skóla að Hellu og að umsóknir sem þessar þurfa að berast sveitarstjórn í apríl vegna næsta skólaárs á eftir.
Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 á móti. (HH, EVG,VHS).

*Undirritaðir telja að ekki séu rök fyrir því að samþykkja fyrirliggjandi erindi auk þess sem það er ári of seint á ferðinni. Þá skal á það bent að kostnaður sem fylgir samþykki á erindinu er á bilinu 500 þús. til 1 milljón króna á skólaárinu.*
*Einnig væri eðlilegt að slík erindi fengju umfjöllun í fræðslunefnd.*
*Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Heimir Hafsteinsson.*

**7. Menntamálaráðuneytið 25/3´03 - Norræna æskulýðsnefndin:**
Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dagsett 25/3´03, þar sem sagt er frá styrkjum til æskulýðsstarfsemi frá Norrænu æskulýðsnefndinni. Meðfylgjandi er umsóknareyðublað.
Samþykkt samhljóða að senda bréfið ásamt fylgiskjölum til íþrótta- og æskulýðsnefndar til athugunar.

**8. Landbúnaðarráðuneytið - lagafrumvörp til umsagnar:**
Lögð fram til umsagnar frumvarp til ábúðalaga og frumvarp til jarðalaga.
Samþykkt samhljóða að vísa frumvörpunum til atvinnu- og ferðamálanefndar til umsagnar.

**9. Umhverfisráðuneytið:**
Lagt fram bréf frá umhverfisráðuneytinu, dagsett 25/3´03, þar sem minnt er á dag umhverfisins 25/4´03.
Samþykkt að vísa erindinu til umhverfisnefndar til úrvinnslu.

**10. Aðalskipulag Holtamannaafréttar - greinagerð til lokaafgreiðslu og bréf frá Ásahreppi:**
Lögð fram greinagerð til lokaafgreiðslu vegna aðalskipulags Holtamannaafréttar.
Einnig er lagt fram bréf frá skrifstofu Ásahrepps, dagsett 17/3´03, varðandi lokaafgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps á athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi Holtamannaafréttar.
Samþykkt að vísa greinagerðinni og framkomnum athugasemdum á fundinum til samráðsnefndar um Holtamannaafrétt.

**11. Sigurbjörn E. Logason og KRS heildverslun - breytt skipulag lóðanna Hraunalda 2 og Sigalda 2:**
Lagt fram bréf frá Sigurbirni E. Logasyni og KRS heildverslun, dagsett 30/3´03, varðandi umsókn um breytt skipulag lóðanna Hraunalda 2 og Sigalda 2 á Hellu.
Samþykkt samhljóð að vísa erindinu til skipulags- og bygginganefndar.

**12. Smíðandi ehf. - bygging parhúsa og tilmæli að sveitarstjórn kaupi hluta af nýbyggingum:**
Lagt fram bréf frá Smíðanda efh., dagsett 2/4´03, þar sem óskað er eftir því að fá að byggja raðhús á lóðunum 8, 10 og 12 við Bogatún. Einnig er fyrirspurn um áhuga hreppnefndar á kaupum á íbúðum.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til hreppsráðs og Húsakynna bs. til umfjöllunar.

**13. Harpa Stefánsdóttir - ósk um heimild til að auglýsa deiliskipulagstillögu:**
Lagt er fram bréf frá Hörpu Stefánsdóttur, arkitekt, dagsett 1/4´03, þar sem óskað er heimildar til að auglýsa deiliskipulagstillögu í landi Skammbeinsstað 1.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til skipulags- og bygginganefndar til athugunar og afgreiðslu.

**14. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Búnaðarfélag Rangárvallahrepps - aðalfundur 7/4´03.
b) Rangárbakkar-Hestamiðstöð Suðurlands ehf. - aðalfundur 10/4´03.
c) Samband íslenskra sveitarfélaga 26/3´03 - ráðstefna CEMR 14.-17/5´03.
d) Skálholtskórinn 31/3´03. Hafnað.
e) MND félagið á Íslandi 27/3´03. Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 5.000.-
f) SÍBS 3/4´03. Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 5.000.-

**15. Annað kynningarefni:**
a) Forsætisráðuneytið 31/3´03 - ákvörðun ríkisstjórnar um greiðslu 90 m kr. til Hitaveitu Rangæinga.
b) Greinargerð vegna stikunar Hellismannaleiðar á Landmannaafrétti.
c) Skipulags- og byggingafulltrúi 26/3´03 - bókun í fundargerð skipulags- og bygginganefndar vegna umfjöllunar um lóðaleigusamninga í hesthúsahverfi á Hellu.
d) Verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga 25/3´03 - tvær skýrslur um lokahluta reynslusveitarfélagaverkefnisins.
e) Skrifstofa Ásahrepps 24/3´03 - ábending vegna kostnaðarskiptingar við gerð aðalskipulags Holtamannaafréttar. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
f) Skrifstofa Ásahrepps 24/3´03 - staðfesting á stofnsamningi og samþykktum fyrir Félagsþjónustu Rangárvalla- og V.- Skaftafellssýslu.
g) Mýrdalshreppur 31/3´03 - staðfesting á stofnsamningi og samþykktum fyrir Félagsþjónustu Rangárvalla- og V. - Skaftafellssýslu.
h) Strandarvöllur ehf. - skýrsla stjórnar og ársreikningur fyrir árið 2002.
i) Samgöngunefnd - kostnaðaráætlun vegna safnvega árin 2003 - 2004.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.
Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**12. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 31. mars 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Eggert V. Guðmundsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti, setti fund og stjórnaði honum.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
a) Fundargerð hreppsráðs, 27/3´03, sem er í 19 liðum.

Eftirfarandi bókun gerð vegna 6. liðar :
*Við undirritaðir lítum svo á að enn sé stefnt að því að selja Hellubíó á því verði sem samþykkt hefur verið. Ef hugmyndir eru uppi um að veita styrk til verkefnisins þá óskum við eftir nánari útfærslu á því sem fyrst og ef um styrkveitingu verður að ræða óskum við eftir að menningarmálanefnd Rangárþings ytra fjalli um málið.*
*Eggert V. Guðmundsson, Þröstur Sigurðsson.*

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Félagsmálanefnd 26/3´03, sem er í 7 liðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Eignaumsjón Rangárþings ytra og Ásahrepps 19/3´03, sem er í 3 liðum.
Samþykkt með 8 atkvæðum en 1 sat hjá (V.H.S.).

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Stjórn Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs. 26/3´03, sem er í 5 liðum.

**4. Fjárhagsáætlun 2003 - síðari umræða.**
Lögð fram eftirfarandi tillaga að breytingum á fjárhagsáætlun Rangárþings ytra 2003:
Liðurinn fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum hækkkar um kr. 7.500 þús. vegna framkvæmda við Grunnskólann á Hellu og Laugalandsskóla. Lántaka hækkar um sömu fjárhæð þannig að ekki verður breyting á veltufé.

Helstu fjárhæðir í fjárhagsáætlun samstæðu Rangárþings ytra fyrir árið 2003 eru:

Rekstur:
Heildartekjur eru áætlaðar kr. 540.424 þús.
þ.a. skatttekjur kr. 452.104 þús.
Heildargjöld án fjármagnsliða eru áætluð kr. 517.795
Tekjuafgangur fyrir fjármagnsliði er áætlaður kr. 22.629 þús.
Fjarmagnsliðir eru áætlaðir kr. 22.420 þús.

Efnahagur:
Eigið fé er áætlað kr. 613.358 þús.
Lífeyrisskuldbindingar eru áætlaðar kr. 8.745 þús.
Fastafjármunir eru áætlaðir kr. 967.395 þús.
Veltufjármunir eru áætlaðir kr. 89.246
Eignir eru samtals áætlaðar kr. 1.056.641 þús.

Langtímaskuldir eru áætlaðar kr. 306.523 þús.
Skammtímaskuldir eru áætlaðar kr. 128.015
Skuldir og eigið fé samtals er áætlað kr. 1.056.641 þús.

Eiginfjárhlutfall er 58%.

Fulltrúar K og Ó lista leggja fram eftirfarandi bókun:
*Bókun vegna Fjárhagsáætlunar 2003 fyrir Rangárþing ytra.*
*Markmiðið með breyttri framsetningu reikningsskila sveitarsjóða og tilurð eignasjóðs var að okkar mati að einfalda hluti og gera rekstur eigna sveitarfélaga skilvirkari og gegnsærri á þann hátt að betra væri að átta sig á framlegð hverrar eignar. Einnig til að sjá betur með hvaða hætti kostnaður af eignum sveitarfélagsins skiptist niður á málaflokka og einstakar stofnanir sem sveitarfélagið rekur.*
*Nú þegar fyrsta fjárhagsáætlun nýs sveitarfélags liggur fyrir, þar sem unnið er eftir breyttum reglum um reiknisskil, kemur í ljós að framangreind markmið munu ekki nást, með þeirri útfærslu sem meirihlutinn beitir í fyrirliggjandi fjárhagsáætlun.*
*Í áætluninni eru eignir metnar samkv. reiknilíkani með fyrirfram ákveðinni formúlu. Ekkert raunverulegt mat hefur átt sér stað á fasteignum sveitarfélagsins og ekkert tillit tekið til raunverulegs ástands. Vitað er að margar eignir urðu fyrir miklu tjóni í jarðskjálftunum árið 2000. Tjón sem sveitarfélögin fengu bætt en eignirnar sem slíkar standa eftir að miklu leyti óbættar.*
*Eðlilegra hefði verið að meta eignir sveitarfélagsins með raunverulegum hætti og þær niðurfærðar m.t.t. skemmda eða að eignasjóði hefði verið afhentar þær tjónabætur sem sveitarfélögunum voru úthlutaðar á sínum tíma.*
*Sama má segja um reiknaðar leigutekjur eignasjóðs. Þar er um útreiknaðar stærðir að ræða samkvæmt reiknilíkani þar um. Þessar útreiknuðu leigutekjur á eignum sveitarfélagsins eru úr öllum takti við raunveruleikann og gefa því mjög ranga mynd af þeim rekstri sem þar á sér stað og eru ekki til þess fallnar að gefa rétta mynd af rekstri einstakra stofnana eða málaflokka.*
*Hátt mat eignanna hefur áhrif á reiknuðu leigutekjurnar og skekkir myndina varðandi rekstur stofnana og niðurstöðu fjárhagsáætlunarinnar. Hvað eignarsjóðinn varðar, má því segja að forsendurnar séu rangar, sem veldur skekkju hvað varðar nánast alla aðra þætti í fjárhagsáætluninni.*
*Þá áteljum við undirritaðir harðlega þá ákvörðun meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra að stórauka kostnað við yfirstjórn sveitarfélagsins m.a. með þeim dæmalausa gjörningi að ráða sveitarstjóra í 1,6 stöðugildi.*
*Heildar kostnaður við stöðu sveitarstjóra er um tuttugu milljónir króna á árinu. Einnig er gert ráð fyrir að lagðar verði verulega auknar álögur á íbúa sveitarfélagsins.*
*Í aðdraganda sameiningarkosninga var íbúum heitið því að hagræðing af samlegð yrðu nýtt til að lækka kostnað við yfirstjórn og til að stilla skattheimtu í hóf.*
*Hvorutveggja er svikið, samkvæmt áætlun þessari, af meirihluta sveitarstjórnar í Rangárþingi ytra.*
*Með hliðsjón af framansögðu þá sjáum við undirritaðir fulltrúar minnihlutans okkur ekki fært að samþykkja fyrirliggjandi fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2003.*
*Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson, Þröstur Sigurðsson.*

Bókun vegna afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2003 fyrir Rangárþing ytra og bókunar fulltrúa K og Ó lista, lögð fram á fundi hreppsnefndar þ. 31. mars 2003:

1. *Markmið með breyttri framsetningu reikningsskila er að kalla fram raunkostnað við rekstur hverrar stofnunar þ.m.t. kostnað við húseignir sem notaðar eru. Ekki er gert ráð fyrir að fá fram framlegðartölur fyrir eignir enda eru þær ekki reknar í hagnaðarskyni heldur sem þjónustustofnanir fyrir íbúa sveitarfélagsins. Leigutekjur eru reiknaðar af hverri eign og þær eru grundvöllur að því sem til ráðstöfunar er hjá eignasjóði til viðhalds eigna.*
2. *Ástand yfirfærðra eigna var mjög misjafnt í ársbyrjun 2002 þegar yfirfærslan fór fram. Vinna við endurbætur vegna jarðskjálftatjóna var komin misjafnlega langt á veg. Ekki er hægt að alhæfa um að eignasjóður sé að fá einhverjar faldar skemmdir sem íþyngja rekstri sjóðsins eins og gefið er í skyn í bókun K og Ó lista hreppsnefndar. Verði um sérstakar og dýrar endurbætur að ræða vegna jarðskjálftaskemmda er auðvelt að finna út hvaða bætur fengust fyrir viðkomandi eign og hvað mikið af þeirri upphæð er ónotuð til viðgerða.*
3. *Leigufjárhæð hverrar eignar grundvallast af stofnverðmæti eignarinnar, aldri og byggingargerð. Reglur um þetta voru settar af bókhaldsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytisins og hafði meirihluti hreppsnefndar Rangárþings ytra ekki áhrif á gerð þeirra eins og skilja má af bókun K og Ó lista.*
4. *Hvernig hægt er að finna út að hjá Rangárþingi ytra séu 1,6 stöðugildi sveitarstjóra er óljóst. Aðeins er eitt stöðugildi sveitarstjóra og það kostar sveitarsjóð ekki 20 milljónir eða nálægt þeirri tölu eins og ósmekklega er sett fram í bókun K og Ó lista. Oddviti starfar við úrlausn innri skipulagsmála og önnur tímabundin verkefni á þessu ári í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna. Starf oddvitans telst vera 0,6 stöðugildi samkvæmt samþykkt hreppsnefndar.*
5. *Samræma þurfti álögð gjöld í sveitarfélaginu eftir sameiningu fyrri sveitarfélaga. Þetta ætti að vera öllum sveitarstjórnarmönnum ljóst. Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði í stórum hluta sveitarfélagsins*

> *lækkaði sem dæmi um 25%. Útsvarsprósenta var lækkuð hjá stórum hluta gjaldenda og er nú 12,4% en mætti vera 13,04%. Fullyrðingar um að loforð um að stilla skattheimtu í hóf hafi verið svikin dæma sig sjálf í ljósi staðreynda um allt annað. Með þessum álagningarreglum er fullkomlega staðið við gefin fyrirheit í sameiningarferli sveitarfélaganna. Samlegðaráhrif vegna sameiningar sveitarfélaganna koma fram á mörgum sviðum en þó er óunnin vinna við endurskipulagningu margra þjónustuþátta, enda verður að gera ráð fyrir því að sameiningarvinnan taki nokkur ár eins og víðast hvar hefur orðið raunin.*

*Meirihluti hreppsnefndar Rangárþings ytra vísar á bug með framangreindum rökum, fullyrðingum sem ekki standast í bókun fulltrúa K og Ó lista.*
*Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson.*

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2003 samþykkt með áorðnum breytingum með 6 atkvæðum en 3 á móti (VHS/EVG/ÞS).

**5. Landsþjónustan ehf. - "Íslandsgisting".**
Lagt fram bréf frá "Íslandsgistingu", dagsett 24/3´03, þar sem áform félagsins eru kynnt.
Til kynningar.

**6. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Aðalfundur Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár 5/4´03.

Samþykkt samhljóða að Steinþór Runólfsson fari með atkvæði Gaddstaða og Lúðvík Bergmann og Guðmundur I. Gunnlaugsson fari með atkvæði Réttaness og Merkihvols.

b) 50 ára afmælishátíð Menntaskólans að Laugarvatni 12/4´03.

Til kynningar.

**7. Annað kynningarefni:**
a) Félagsmálaráðuneytið 17/3´03 - kynning á nýrri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
b) Landbúnaðarráðuneytið 24/3´03 - um búfjáreftirlit.
c) Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands 14/3´03 - upplýsingar um launakjör stjórnenda og starfsmanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.
Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**11. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 17. mars 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjarnarsonar, Þröstur Sigurðsson, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Halldóra Gunnarsóttir, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr Valtýsson, oddviti, setti fund og stjórnaði honum.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
Fundargerð hreppsráðs, 13/3´03, sem er í 18 liðum.
Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingr:**
Engar fundargerðir liggja fyrir.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
Engar fundargerðir liggja fyrir.

**4. Fjárhagsáætlun 2003 - fyrri umræða.**
Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra 2003.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri las greinagerð, með fjárhagsáætluninni og fór yfir áætlunina, samstæðureikninga og yfirlit. Um áætlunina sjálfa er vísað í fylgiskjöl.

Guðmundur lagði áherslu á, að hreppsnefndarmenn kæmu til sveitarstjóra ef vantaði upplýsingar um einstaka liði.

Fjárhagsáætlun 2003 vísað til síðari umræðu sem áætluð er á hreppsnefndarfundi 31. mars 2003 kl. 16.00 í fundarstofu að Laugalandi.

**5. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
Engin erindi liggja fyrir.

**6. Annað kynningarefni:**
Ekkert efni liggur fyrir.

**Utan dagskrár:**
Sveitarstjóri benti á, að beiðni umhverfisnefndar, að upphaf starfs með Stefáni framkvæmdastjóra Staðardagskrár 21 að undirbúningi og þátttöku Rangárþings ytra í því verkefni, hæfist föstudaginn 21. mars 2003 kl. 14.00 að Laugalandi og að hreppsnefndarfulltrúar væru velkomnir ef þeir hefðu möguleika á því að mæta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30.
Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**10. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 3. mars 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund, stjórnaði honum og tilkynnti breytingu; tillaga að ákyktun samgöngunefndar, dagsett 3/3´03 bætt við 2. lið.

Samþykkt samhljóða.

**<u>1. Fundargerðir hreppsráðs:</u>**
a) Fundargerð hreppsráðs, 13/2´03, sem er í 18 liðum.

Eftirarfarandi bókun gerð:

***Bókun vegna fundargerðar Hreppsráðs frá 13. feb. 2003, 1 liður c. Fundargerð frá Búfjáreftirlitsnefnd : Ráðning á búfjáreftirlitsmanni.***
*Við undirritaðir fulltrúar minnihlutans í sveitarstjórn Rangárþings ytra mótmælum harðlega hvernig meirihluti Búfjáreftirlitsnefndar stóð að ráðningu búfjáreftirlitsmanns í sýslunni.*
*Samkv. bókun nefndarinnar voru tveir umsækjenda taldir jafn hæfir. Sá sem ráðinn var til starfans var valinn vegna nýrri menntunar ! Ekki virðist mikil starfsreynsla hins umsækjandans metin. Þá er sá sem ráðinn var búsettur á Selfossi en hinn á Hellu.*
*Undirritaðir fulltrúar minnihlutans : Eggert V. Guðmundsson, Heimir Hafsteinsson, Lúðvík Bergmann, Viðar Steinarsson.*

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

b) Fundargerð hreppsráðs, 27/2´03, sem er í 20 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**<u>2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:</u>**
a) Fræðslunefnd 22/1´03 sem er í 6 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga að samræmdri gjaldskrá fyrir leikskóla í Rangárþingi ytra.

Tillaga samþykkt samhljóða með þeirri breytingu að hækkun dagvistagjalda í Gljábæ er frestað fram yfir sumarlokun en þá komi þrepahækkun og um áramót verði full hækkun komin á. Gjaldskrárbreytingin tekur að öðru leyti gildi 1. apríl 2003.
Fram kom að fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps er að skoða rekstur Gljábæjar.

b) Vinnuhópur um undirbúning að stofnun "Atvinnueflingarsjóðs" 21/2´03 í 6 liðum.
Tillaga að vinnureglum.

Samþykkt samhljóða að fela vinnuhópnum að fullvinna reglurnar.

c) Ályktun samgöngunefndar.

**Samgöngunefnd Rangárþings ytra samþykkir eftirfarandi athugasemdir vegna þingályktunartillagna um sömgönguáætlun, til fjögurra ára annars vegar og 12 ára hins vegar:**

- Nauðsynlegt er að bæta hlut Suðurlands hvað varðar fjárframlög til samgöngumála og færa í takt við raunveruleikann, en fjárframlög eru ekki í takt við vegalengdir og umferðaþunga vegakerfisins á Suðurlandi
- Nauðsynlegt er að auka hlut tengivega í heildarfjárframlögum til samgöngumála. Suðurland hefur afar mikla sérstöðu hvað varðar fjölda og lengd tengivega. Það verður að líta sérstaklega til þess, ekki síður en jarðgangnagerð og hafnargerð í öðrum landshlutum, sbr. fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um samgönguáætlun.
- Færsla Suðurlandsvegar um Hellu vantar inn á áætlun, svo og áætlun um uppsetningu hringtorga við Hellu sbr. fyrirliggjandi drög að deiliskipulagi þjónustukjarna á Hellu. 30 milljónir voru ætlaðar til framkvæmda árið 2002. Ekki hefur ennþá verið hafist handa við þessa framkvæmd, en þung áhersla er lögð á það að heildarfjármögnun þessa verkefnis komist inn á vegaáætlun fyrir árin 2003 – 2006.
- Mikilvægt er að verja auknum fjármunum til umferðaröryggismála innan sveitarfélagsins. Um er að ræða m.a. Landvegamót, gatnamót Þykkvabæjarvegar og Suðurlandsvegar og gatnamót Gunnarsholtsvegar og Suðurlandsvegar.
  Nauðsynlegt er að framlengja lýsingu Suðurlandsvegar frá vesturenda brúar við Ytri-Rangá að gatnamótum Þykkvabæjarvegar. Einnig er nauðsynlegt að koma upp lýsingu við Landvegamót og gatnamót Gunnarsholtsvegar og Suðurlandsvegar.
- Líta þarf sérstaklega til skilgeiningar á umferðarþungum vegum sveitarfélagsins, s.s. Landvegar (26), Þykkvabæjarvegar (25) og Rangárvallavegar (264), en þessir vegir eru flokkaðir sem tengivegir en ættu eðlilega að vera flokkaðir sem stofnvegir innan grunnnets. Í Rangárþingi ytra voru 1.442 íbúar 1. desember sl. og gegna þessir vegir lykilhlutverki, félags- og atvinnulega, í tengingu byggðarlagsins bæði innbirðis og við önnur byggðarlög. Einnig má benda á að þessir fyrrnefndu vegir hafa einnig mikla árstíðabundna umferð þar sem þeir eru afar fjölfarnar ferðamannaleiðir og tengja grunnnetið við marga af þyngstu ferðamannastöðum landsins.
- Lagt er til að eftirtaldir tengivegir verði skilgreindir sem tengivegir í grunnneti: Árbæjarvegur (271), Ásvegur (275), Bjallavegur (272), Hagabraut (286), Oddavegur (266) og Þingskálavegur (268).
- Bent er að fjölfarnir vegir að einum vinsælustu ferðamannastöðum hálendisins eru ekki á landsvegaskrá Vegagerðarinnar. Hér er átt við Hekluveg eystri sem tengir saman Fjallabaksleið syðri og nyrðri um Skjólkvíar og veg að Veiðivötnum af Sprengisandsleið.
- Óskað er eftir að Þrúðvangur á Hellu verði flokkaður sem stofn- eða tengivegur innan grunnnets þar sem enginn vegtenging er frá vegakerfi Vegagerðarinnar að Helluvaðsvegi. Þetta svipar að mörgu leyti til Kirkjubæjarvegar ef dæmi skal taka.
- Afar brýnt er að byggð verði brú yfir Þverá með tilheyrandi vegtengingum til þess að tengja byggðina sunnan Þverár við þjónustukjarna sveitarfélagsins á Hellu.
- Mikil nauðsyn er á því að fá inn á áætlun uppbyggingu vegar á milli Háfs og Sandhólaferju. Þessi vegtenging myndi hafa mikil hagræðingaráhrif varðandi þjónustu sveitarfélagsins við íbúa svæðisins svo og mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna.
- Sveitarstjórn Rangárþings ytra vill leggja þunga áherslu á mikilvægi nýrra brúa sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi drögum að aðalskipulagi sveitarfélagsins, sem er á lokastigi fyrir staðfestingu Skipulagsstofnunar. Um er að ræða annarsvegar brú yfir Ytri-Rangá á móts við Hrólfsstaðahelli og hins vegar brú yfir Þjórsá á móts við Þjórsárholt. Þessar nýju vegtengingar myndu tengja saman og efla sem eitt atvinnusvæði uppsveitir Árnessýslu, Landsveitina, Holtin og Rangárvellina.

Samþykkt samhljóða að senda ályktunina til samgöngunefndar Alþingis.

## 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

a) Hitaveita Rangæinga 24/2´03.
b) Sameiginleg barnaverndarnefnd 24/2´03.
c) Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - 225. stjórnarfundur 25/2´03.

## 4. Aðalskipulag Rangárvalla, Rangárvallaafréttar, Holta, Lands og Landmannaafréttar - lokaafgreiðsla:

Tillögur að aðalskipulagi Rangárvalla, Rangárvallaafréttar, Holta, Lands og Landmannaafréttar, Rangárþingi ytra, lögð fram. Einnig lagðar fram breytingar á greinagerð vegna aðalskipulags Rangárþings ytra. Kafli 1.5 í greinagerð greinir frá innsendum athugasemdum og afgreiðslu sveitarstjórnar á þeim. Vísast til fylgiskjala með fundargerð.

Tillögurnar samþykktar samhljóða og verða sendar Skipulagsstofnun til staðfestingar.

**5. Gerð heimasíðu fyrir Rangárþing ytra:**
Lögð fram niðurstaða Guðmundar Inga Gunnlaugssonar, sveitarstjóra, varðandi innsend tilboð og kynningar frá aðilum til að annast gerð, vistun og viðhald heimasíðu Rangárþings ytra, dagsett 4/2´03.

Heimir Hafsteinsson leggur fram greinagerð unna af Viggó Ásgerissyni.

Samþykkt samhljóða að fela hreppsráði að ræða við Vildarkjör ehf og Úrlausnir ehf.

**6. Húsakynni bs. - leiga íbúðanna í Breiðöldu 5 og 7:**
Lagt fram bréf frá Húsakynnum bs., dagsett 24/2´03, þar sem tilkynnt er að íbúðirnar að Breiðöldu 5 og 7 verða báðar lausar til útleigu 1/4´03 og ákveðið hafi verið að láta Dvalarheimilið Lund, Heilsugæslu Rangárþings og sveitarfélögin á samlagssvæðinu njóta forgangs varðandi útleigu.

Samþykkt samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við Húsakynni bs. um hugsanlegan samruna Húsakynna bs. við eignaumsjón.

**7. Hellubíó - kauptilboð:**
Lagt fram kauptilboð Karlakórs Rangæinga í alla eignina Þrúðvang 32, og Þrúðvang 32a, Hellubíó. Heildargreiðsla er kr. 6.250.000.-, sem greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum með fyrirvara um samþykki 75% félagsmanna kórsins.

Eftirfarandi bókun gerð:
*Undirritaður hefði viljað sjá Hellubíó endurbyggt af Rangárþingi ytra sem alhliða tónlistar- og menningarhús og þá með tilliti til þarfa allra þeirra sem tengjast tónlist og annarri menningarstarfsemi í sveitarfélaginu.*
*Heimir Hafsteinsson.*

Tillaga um að fela sveitarstjóra og starfsmanni eignaumsjónar að ganga til viðræðna við Karlakórinn á grundvelli tilboðsins samþykkt með 6 atkvæðum. 2 sátu hjá (E.V.G. og G.I.G.) og 1 móti (H.H.).
Farið verði yfir búnað og innanstokksmuni sem fylgja eiga í sölunni.

**8. Tillaga að opnunartíma sundlaugarinnar á Hellu:**
Lögð fram tillaga að opnunartíma sundlaugarinnar á Hellu frá 5. mars til 31. okt. 2003.
Vísað til fylgiskjala um tímasetningar.
Tillagan samþykkt samhljóða.

**9. Félagsmálaráðuneytið - niðurstaða og rökstuðningur vegna stjórnsýslukæru:**
Lögð fram niðurstaða og rökstuðningur félagsmálaráðuneytisins, dagsett 26/2´03, varðandi stjórnsýslukæru á hendur oddvita Rangárþings ytra. Niðurstaða félagsmálaráðuneytisins er að ákvörðun oddvita hreppsnefndar Rangárþings ytra um að auglýsa eftir umsækjendum um stöðu starfsmanns eignaumsjónar sveitarfélagsins, sé gild.

Eftirfarandi bókun gerð:

***Bókun vegna úrskurðar Félagsmálaráðuneytis á stjórnsýslukæru undirritaðs.***
*Grunninn að úrskurði sínum sækir ráðuneytið í e-lið 57. grein samþykkta Rangáþings ytra. Ekki vill betur til en svo að augljóst er að annað hvort hafa starfsmenn ráðuneytisins ekki lesið samþykktirnar rétt hvað þetta varðar eða verið með rangt eintak.*
*Í rökstuðningi sínum vitna þeir til áðurnefndar 57. greinar þannig:*
*"Í 57. grein samþykktarinnar er mælt fyrir um að ráðinn **skuli** starfsmaður til að annast daglegan rekstur eignaumsjónar sveitarfélagsins."*
*57. greinar samþykkta Rangárþings ytra hljóðar hins vegar svo um eitt af hlutverkum eignaumsjónar:*
*e) Að gera **tillögu** að ráðningu starfsmanns í samráði við sveitarstjóra til að annast daglegan rekstur.*

- *Að nefnd eigi að gera tillögu í samráði við sveitarstjóra um ráðningu starfsmanns er annað en að hún skuli ráða starfsmann.*

*Undirritaður telur því afar veikan grunn fyrir fenginni niðurstöðu sem endurspeglar ef til vill þær miklu annir, sem sagt er frá í næst síðustu málgrein úrskurðarins, og sem tafið hafa gerð hans, meira en ásættanlegt er.*
*Að öðru leiti vísa ég til bókunar minnar frá 2.desember s.l. við afgreiðslu ráðningar Bjarna J Matthíassonar.*
*Virðingarfyllst Viðar Hafsteinn Steinarsson.*

**10. Samgöngunefnd Alþingis 25/2´03 :**
Lagt fram bréf frá samgöngunefnd Alþingis, dagsett 25/2´03, þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um aðgang landsmanna að GSM-farsímakerfinu, mál 546.

Samþykkt samhljóða að gera ekki athugasemd við þingsályktunartillöguna.

**11. Kosning í nefndir og stjórnir:**
a) Stjórn Strandarvallar ehf. - aðal- og varamaður:

Tilnefning: Guðmundur I. Gunnlaugsson, aðalmaður og Sigurbjartur Pálsson, varamaður.
Samþykkt með 8 atkvæðum. 1 situr hjá (H.H.).

b) Nefnd um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs - 1 fulltrúi Rangárþings ytra.

Tilnefning: Kristinn Guðnason, Skarði, Landsveit.

Samþykkt með 7 atkvæðum. 2 sitja hjá (H.H. og E.V.G.)

Til kynningar bréf frá Ásahreppi og umhverfisráðuneytinu.

c) Nefnd um stjórnsýslu á Holtamannaafrétti - oddviti + 1 aðalmaður:

Valtýr Valtýsson, oddviti er sjálfkjörin skv. samningi.
Tilnefning: Lúðvík Bergmann, Bakkakoti.

Samþykkt samhljóða.

c) Stjórn Félagsþjónustu Rangárvallasýslu bs. - aðal- og varamaður:

Tilnefning: Guðmundur I. Gunnlaugsson, aðalmaður og Sigurbjartur Pálsson, varamaður.
Samþykkt með 6 atkvæðum. 3 sitja hjá (H.H., E.V.G. og L.B.).

**12. Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands - staðfesting kvöldverðarboðs - fundarboð til aðalfundra og kynning á tillögum um breytingar á samþykktum sjóðsins:**

Kvöldverðarboð hreppsnefndar Rangárþings ytra til stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs 24/2´03.

Samþykkt samhljóða.

a) Fundarboð aðalfundar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands fyrir árið 2002, 21/3´03.

Samþykkt samhljóða að oddviti verði fulltrúi Rangárþings ytra og fari með atkvæðisrétt á aðalfundi Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og Eignarhaldsfélags Suðurlands hf.
Aðrir sveitarstjórnarmenn hafa seturétt á fundinum.

b) Tillaga vinnuhóps um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. 3. lið fundargerðar 221. stjórnarfundar.

Hreppsnefndarmenn lýstu sig almennt sátta við fyrirliggjandi breytingatillögur.

**13. Eyjólfur Guðmundsson - merking á fornum eyðibýlum og landgræðsla:**
Lagt fram bréf frá Eyjólfi Guðmundssyni, dagsett 22/2´03, þar sem skorað er á hreppsnefnd Rangárþing ytra að láta merkja forn eyðibýli í sveitarfélaginu, hella og fleira.

Samþykkt samhljóða að vísa bréfinu til menningarmálanefndar.

Lagt er fram bréf frá Eyjólfi Guðmundssyni, dagsett 28/2´03, þar sem fram kemur hugmynd að girða af Hafrafell á Rangárvallaafrétti og sá þar lúpínufræi.

Hafnað.

**14. Lagðar fram upplýsingar um launakjör starfsmanna og stjórnenda hjá SASS:**
Lagt fram bréf frá Þorvarði Hjaltasyni, framkvæmdastjóra, dagsett 21/2´03 þar sem fram koma launakjör stjórnanda og starfsmanna SASS og tengdra stofnana.

Samþykkt samhljóða að óska eftir uppslýsingum um launakjör starfsmanna Atvinnuþróunasjóðs Suðurlands.

**15. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins - ráðstefna 7/3´03.

Til kynningar.

b) Skaftárhreppur - ráðstefna um landkosti Skaftárhrepps 8.-9/3´03.

Til kynningar.

c) Samband íslenskra sveitarfélaga - ráðstefna um Staðardagskrá 21, 14.-15/3´03.

Til kynningar.

d) FAAS - umsókn um styrk 24/2´03.
Styrkur kr. 10.000.- samþykktur samhljóða.

**16. Annað kynningarefni:**
a) Lyf og heilsa lyfjaverslun 24/2´03, vegna umræðu um þjónustu á Hellu og svarbréf sveitarstjóra 25/2´03.
b) Menntamálaráðuneytið 12/2´03 - svar til Þorbjargar Atladóttur, álit um fyrirkomulag innra starfs skólanefndar.
c) Ásahreppur 24/2´03 - kosning í stjórn eignaumsjónar 18/2´03.
d) Ásahreppur 24/2´03 - staðfesting á verksamningi um Búfjáreftirlit Rangárvallasýslu 18/2´03.
e) Heilbrigðisnefnd Suðurlands - afgreiðsla á gjaldskrám fyrir hundahald og sorphirðu og meðhöndlun úrgangs 19/2´03.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30.
Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**9. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 3. febrúar 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

a) Fundargerð hreppsráðs 09/1´03, sem er í 15 liðum.
Tillaga kom frá Viðari H. Steinarssyni um lið 7 í fundargerð, að Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Heimir Hafsteinsson taki að sér viðræður við Karlakór Rangæinga í stað Valtýs Valtýssonar um kaup á Hellubíó.
Samþykkt samhljóða.

b) Fundargerð hreppsráðs 23/1´03, sem er í 18 liðum.
Samþykkt samhljóða.

c) Fundargerð hreppsráðs 29/1´03, sem er í 5 liðum.
Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

Atvinnu- og ferðamálanefnd 7/1´03, sem er í 6 liðum.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Tillaga frá atvinnu- og ferðamálanefnd um stofnun "Atvinnueflingarsjóðs" og að vinnureglum fyrir hann:

> **“Tillögur að vinnureglum fyrir Atvinnueflingarsjóð Rangárþings ytra**
> 1. gr.
> Tilgangur Atvinnueflingarsjóðs skal vera að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra með beinum styrkveitingum.
> 2. gr.
> Sjóðurinn skal einbeita sér sem mest að nýsköpun í atvinnulífi, sem væri til þess fallin að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Styrkir eru ekki veittir til verkefna þar sem styrkveiting gæti skekkt samkeppnisstöðu gagnvart aðila í sveitarfélaginu í hliðstæðum atvinnurekstri.
> 3. gr.
> Atvinnu- og ferðamálanefnd skal vera ráðgefandi um úthlutanir sjóðsins. Hver nefndarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meirihluta atkvæða. Sveitarstjórn fer með vörslu fjármuna sjóðsins og tekur endanlega ákvörðun um úthlutanir að fengnu áliti atvinnu- og ferðamálanefndar .
> 4. gr.
> Ráðstöfunarfé sjóðsins er ákveðin upphæð árlega sem sveitarstjórn ákveður.
> 5. gr.
> Þeir aðilar sem rétt hafa á styrkveitingum eru: Einstaklingar í eigin atvinnurekstri, fyrirtæki og félagasamtök með skráð lögheimili í Rangárþingi ytra.
> 6. gr.
> Styrkjum skal úthlutað einu sinni á ári og skal úthlutun fara fram á haustin. Auglýst skal í héraðsblöðum í byrjun maí og skal umsóknarfrestur vera einn mánuður frá birtingu auglýsingarinnar. Þó má úthluta oftar ef þurfa þykir. Umsóknum ber að skila skriflega til atvinnu- og ferðamálanefndar ásamt þeim gögnum sem nefndin ákveður að skila þurfi samvæmt auglýsingu þar um.”

Tillaga kom fram um að Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson og Eggert V. Guðmundsson myndi starfshóp til að undirbúa stofnun sjóðsins og útfæra vinnureglur fyrir hann.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

a) Nefnd um fyrirkomulag embættis skipulags- og byggingafulltrúa 28/1´03, sem er í 3 liðum.
   Til kynningar.
b) Nefnd um húsnæðismál skrifstofu 28/1´03, sem er í 2 liðum.
   Til kynningar.
c) Öldrunarnefnd 28/1´03, sem er í 2 liðum.
   Til kynningar.

**4. Fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2003.**

Sveitarstjóri leggur fram og kynnir fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2003. Drögin sýna áætlað rekstraryfirlit og samandregna áætlun. Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlun verði lögð fram til fyrri umræðu á aukafundi hreppsnefndar síðar í febrúar 2003.
Lagt til að næsti fundur hreppsnefndar verði 17. febrúar 2003.
Samþykkt samhljóða.

**5. Drög að samningi við Ásahrepp um stjórnsýslu á Holtamannaafrétti:**

Drög að samningi um tilhögun stjórnsýslu Holtamannaafréttar lögð fram.

Samningurinn samþykktur með sex atkvæðum, þrír sitja hjá (HH, EVG, VHS).

*Bókun vegna tilhögunar stjórnsýslu Holtamannaafréttar:*
*Með stofnun sérstakrar stjórnsýslunefndar vegna Holtamannaafréttar þá er verið að búa til enn eina nefndina með tilheyrandi fjárútlátum.*
*Að okkar mati á hér að fara að greiða sérstaklega fyrir vinnu og kostnað sem er innifalinn í stjórnun og umsýslu sveitarfélagsins.*
*Undirritaðir fulltrúar minnihluta í sveitarstjórn Rangárþings ytra.*
*Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson og Viðar H. Steinarsson.*

**6. Aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014 (svæði fyrrum Rangárvallahrepps og Holta- og landsveitar) til afgreiðslu:**

Bréf sent hreppsnefndarfulltrúum Rangárþings ytra, dags. 29/1´03 ásamt nýjum drögum að greinargerð vegna fyrrum Rangárvallahrepps. Að auki eru lagðar fram tillögur að afgreiðslum frá hreppsnefnd á athugasemdum sem bárust eftir auglýsingu og kynningu á aðalskipulagstillögum fyrrum Rangárvallahrepps og Holta- og Landssveitar, auglýsingu um afgreiðslu hreppsnefndar á aðalskipulagstillögunum og bréfi til Skipulagsstofnunar.

Fram var lögð greinargerð og aðalskipulagsuppdrættir. Von er á smávægilegum breytingum og var samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu til næsta fundar sem áætlaður er 17. febrúar n.k.

**7. Tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2003:**

Tillaga, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 3. febrúar 2003.

**Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2003.**

**1. gr.**

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárþingi ytra, sbr. samþykkt nr. 44/2002 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2003, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

| | | |
|---|---|---|
| **a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli m.v. 1 poka á viku** | **KR.** | **9.065** |
| **b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki** | **KR.** | **4.533** |
| **c) Sumarhús** | **KR.** | **3.022** |
| **d) Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)** | **KR.** | **9.065** |
| **e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald fyrir förgun sorps.** (annast sjálf leigu gáma og flutning á förgunarstað) | **KR.** | **33.922** |

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

**2. gr.**

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þ. 3. febrúar 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir fyrir árið 2003. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þ. ....................................

Hellu 3. febrúar 2003,
F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri.

**Greinargerð um áætlaðar tekjur og gjöld Rangárþings ytra vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs árið 2003:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Áætlaðar tekjur af sorpförgunargjöldum 2003 | | Kr. 8.100.000 |
| 2. Gjöld v/almennrar sorphreinsunar - áætluð - | Kr. 6.350.000 | |
| 3. Gjöld v/eyðingar neyslusorps - áætluð - | Kr. 2.550.000 | |
| 4. Gjöld v/annarrar eyðingar sorps, þátttöku í rekstri móttöku og flokkunarstöðvar og rekstur gámav. - áætluð - | Kr. 2.860.000 | |
| 5. **Áætluð gjöld umfram tekjur vegna sorpförgunar árið 2003** | | **Kr. 3.660.000** |
| **Samtals** | **KR. 11.760.000** | **KR. 11.760.000** |

*Breytingatillaga við tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs:*

***Gjaldskrármál: Varðar lækkun á sorphirðugjaldi.***
*Breytingartillaga við tillögu sveitarstjóra að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra fyrir árið 2003. Lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 6. janúar 2003, af undirrituðum fulltrúum í Sveitarstjórn Rangárþings ytra.*
*Í bæklingi er gefinn var út fyrir sameiningar kosningarnar þann 16. mars 2002 var talað um að hagræðingu vegna sameiningar ætti að nýta til hagsbóta fyrir íbúana.*
*Við teljum að tillaga sveitarstjóra sé úr takti við þau áform.*
*Til að staðið verði að einhverju leyti við þau fyrirheit sem gefin voru í umræddum sameiningarbæklingi leggjum við til að álögð sorphirðugjöld á almenna íbúa (liðir A og B) verði lækkuð um 50% frá því sem gert er ráð fyrir í tillögu sveitarstjóra.*
( Rétt er að taka fram til skýringar að sl. 2 ár voru ekki lögð á sorphirðigjöld í fyrrverandi Djúpárhreppi)
*Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á fyrirliggjandi tillögu sveitarstjóra:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| *a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli mv. 1 poka á viku* | *kr.* | *4.533* | *(Var kr. 9.065)* |
| *b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki* | *kr.* | *2.267* | *(Var kr. 4.533)* |

*Tillaga sveitarstjóra að öðru leyti samþykkt óbreytt.*
*Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Viðar Steinarsson.*

Felld með sex atkvæðum gegn þremur (HH, EVG, VHS).

Tillaga sveitarstjóra að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra, samþykkt með sex atkvæðum gegn þremur (HH, EVG, VHS).

***Bókun vegna afgreiðslu gjaldskrár fyrir sorphirðu árið 2003:***

*Það verður að teljast sorgleg niðurstaða hjá fulltrúum D-lista í meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra að fella fyrirliggjandi tillögu minnihlutans um lækkun gjalda á almenning. Um leið er það áfellisdómur yfir fjármálastjórn meirihlutans. Fulltrúum D-lista, hefur á þeim fáu mánuðum sem liðnir eru frá sameiningu, tekist með illa undirbúnum og óvönduðum vinnubrögðum, að auka stórlega kostnað við rekstur sveitarfélagsins m.a.*

*með ráðningu oddvita í 60% starf. Niðurstaðan er, hærri skattar og álögur á almenning í sveitarfélaginu. Sú niðurstaða er að fullu á ábyrgð fulltrúa D – listans í sveitarstjórn Rangárþings ytra.*

*Viðar Steinarsson, Heimir Hafsteinsson og Eggert V. Guðmundsson.*

***Bókun frá fulltrúum D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra:***
*Fulltrúar D-listans vísa á bug órökstuddum fullyrðingum um fjármálastjórn meirihlutans sem fram koma í bókun fulltrúa K-listans og Ó-listans.*
*Við samningu gjaldskráa hefur verið haft að leiðarljósi, hvort tveggja í senn, að afla tekna til greiðslu kostnaðar, um leið og þess er gætt að halda álögum á íbúa sveitarfélagsins í lágmarki.*

*Sömuleiðis er vísað á bug sem órökstuddum dylgjum, að um óvönduð vinnubrögð sé að ræða á nokkurn hátt.*

*Valtýr Valtýsson, Guðmundir Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.*

**8. Hálendis- og umhverfisnefnd - kosningar vegna breytinga á kjörnum fulltrúum:**
Formaður umhverfisnefndar, Bjarni Jóhannsson, hefur óskað eftir lausn frá störfum formanns í nefndinni vegna anna í starfi, en býðst til þess að sitja áfram í nefndinni.

Lagt er til að Jón Þórðarson verði formaður umhverfisnefndar.

Samþykkt með sjö atkvæðum tveir sitja hjá (EVG, VHS).

Elísabet St. Jóhannsdóttir hefur flutt burt úr sveitarfélaginu og þar með hætt störfum í sveitarstjórn Rangárþings ytra og öllum nefndarstörfum. Kjósa þarf nýjan fulltrúa í stað hennar í hálendisnefnd og umhverfisnefnd.

Í hálendisnefnd er kosin: Margrét Eggertsdóttir sem aðalmaður.
Samþykkt samhljóða.

Í umhverfisnefnd er kosinn: Eggert V. Guðmundsson sem aðalmaður.
Samþykkt samhljóða.

**9. Vegagerðin - athugasemdir vegna hringtorgs og deiliskipulagstillagna á Hellu:**
Bréf móttekið 27. janúar 2003 frá Vegagerðinni er varðar breytingar á deiliskipulagi miðbæjar Hellu. Fram kemur, að gera þurfi breytingar á fyrirliggjandi tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir miðbæ Hellu, ef Vegagerðin á að geta mælt með fjárveitingu til þess að færa þjóðveg nr. 1 þar sem hann liggur um Hellu.
Til kynningar.

**10. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
Engin erindi liggja fyrir.

**11. Annað kynningarefni:**
Óbyggðanefnd 28/1'03 - kynning á vinnudagskrá nefndarinnar vegna svæðis 3.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00.
Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**8. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 6. janúar 2003, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson, Einar Sveinbjörnsson, löggiltur endurskoðandi KPMG og Sigrún Sveinbjarnardóttir sem ritar fundargerð. Að auki situr Sigrún Ólafsdóttir, varafulltrúi af D-lista fundinn.

Oddviti setti fund, árnaði fundarmönnum gleðilegs nýs árs og tilkynnti breytingu á dagskrá. Við bætist nýr liður sem verður nr. 6 og aðrir liðir færast aftur sem því nemur. Einnig að Einar Sveinbjörnsson frá KPMG hefji fundinn á kynningu á endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2002. Samþykkt samhljóða.

Einar útskýrði síðan endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2002, bókhaldslögin og því nýja formi á bókhaldi sem þau krefjast.
Einar vék af fundi.

Gengið til dagskrár.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
a) Fundargerð hreppsráðs 12/12´02, sem er í 17 liðum.
Samþykkt samhljóða.
b) Fundargerð hreppsráðs 18/12´02, sem er í 9 liðum.
Samþykkt samhljóða.
c) Fundargerð hreppsráðs 30/12´02, sem er í 8 liðum.
Samþykkt samhljóða.

**2. Tillaga um að ákveðnar málaflokkanefndir verði sameiginlegar með Ásahreppi:**
Fulltrúar D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra leggja fram eftirfarandi tillögu:
***Tillaga um að ákveðnar málaflokkanefndir verði sameiginlegar með Ásahreppi, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 6. janúar 2003:***
*Lagt er til að eftirtaldar nefndir verði sameiginlegar með Ásahreppi:*
*Fræðslunefnd - nefnist; fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps.*
*Stjórn eignaumsjónar - nefnist; stjórn eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps.*
*Skipan nefndanna verði þannig; að fimm fulltrúar verða frá Rangárþingi ytra og tveir frá Ásahreppi í hvorri nefnd.*
*Verkefni nefndanna verða eins og sagt er fyrir um í samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra og Ásahrepps auk þess að fjalla um sameiginlega hagsmuni vegna eigna og rekstrar að Laugalandi í Holtum.*
*Þegar nefndirnar fjalla um sameiginlega hagsmuni vegna eigna og rekstrar að Laugalandi í Holtum hafa allir nefndarmenn atkvæðisrétt. Þegar nefndirnar fjalla um sérmál og séreignir hvors sveitarfélags um sig, hafa einungis þeir nefndarmenn sem koma frá viðkomandi sveitarfélagi atkvæðisrétt.*
*Framangreint skal gilda þangað til fyrir liggur endanleg tillaga að breytingum á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra sem tekur tillit til samstarfsverkefna með Ásahreppi.*

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá.(H.H.,E.V.G., V.S.)

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps 11/12´02, sem er í 8 liðum.
Erindi fræðslunefndar til skólabílstjóra 13/12´02 lagt fram til kynningar.

Fundargeðin samþykkt samhljóða að undanskildum liðum 2 og 3 sem eru til umfjöllunar í 4. lið á dagskránni.

b) Skipulags- og bygginganefnd 2/1´03, sem er í 6 liðum.
Samþykkt samhljóða.

*Eftirfarandi bókun lögð fram:*
*Undirritaður gerir athugasemd við grein 2.4 lið b í deiliskipulagi fyrir Strönd og Strandarvöll. Ég tel að útfrá eignaraðild sveitarfélaga að Strandarvelli að það samrýmist ekki tilgangi og skilgreiningu Strandarvallar að skipuleggja frístundabyggð sem ekki er í tengslum við þá starfssemi sem á staðnum er. Viðar Steinarsson*

Tillaga að deiliskipulagi á svæði GHR í landi Strandar á Rangárvöllum - heimild til auglýsingar.
Samþykkt samhljóða.

**4. Tillaga um skipan skólahverfa og merkingar skólabíla:**
Fulltrúar D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra leggja fram eftirfarandi tillögu:
***Tillaga um skipan skólahverfa og merkingar skólabíla, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 6. janúar 2003:***
*Lagt er til að skólahverfi í Rangárþingi ytra verði, skólaárið 2002-2003 í samræmi við tillögu fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps sem fram er sett í fundargerð nefndarinnar frá 11. desember 2002, þó með vísan til nánari skilgreiningar á skólahverfi Grunnskólans á Hellu hér á eftir:*
*Til nánari skilgreiningar er lagt til að skólahverfi Grunnskólans á Hellu verði Rangárvellir, Hella og byggð ofan Djúpóss innan fyrrverandi marka Djúpárhrepps.*
*Allir grunnskólanemendur í 1. - 10. bekk á viðkomandi svæðum teljast til skólahverfis þess skóla sem tilgreindur er í tillögu fræðslunefndarinnar með þeirri undantekningu, að nemendur frá Þykkvabæjarskóla í 8. - 10. bekk, sækja skóla í Grunnskólanum á Hellu.*
*Lagt er til að staðfest verði samþykkt fræðslunefndarinnar um að allir skólabílar sem eru í daglegum akstri fyrir grunnskólana í Rangárþingi ytra, skuli vera merktir samkvæmt reglum um merkingar skólabíla.*
*Hópferðabílar sem eru fengnir í tilfallandi ferðir með nemendur, skulu vera merktir sem skólabílar ef unnt er að koma því við og skulu skólastjórar hlutast til um að svo verði.*

Samþykkt samhljóða.

*Eftarfarandi bókun lögð fram:*
*Bókun varðandi skipan skólahverfa. ( sjá fundargerð fræðslunefndar frá 11. des 2002.)*
*Undirritaðir fulltrúar minnihluta hreppsnefndar Rangárþings ytra leggja fram eftirfandandi bókun varðandi skipan skólahvefa í sveitarfélaginu:*
*Með vísan í 11. grein laga um grunnskóla telja undirritaðir eðlilegt að eitt skólahverfi verði í sveitarfélaginu.*
*Með þeirri tilhögun teljum við að líkur aukist á að hægt sé að ná fram þeirri hagræðingu og sparnaði sem við teljum nauðsynlegt að ná fram í þessum málaflokki.*
*Undirritaðir: Eggert V. Guðmundsson, Heimir Hafsteinsson, Viðar Steinarsson.*

Samþykkt samhljóða að vísa bókuninni til fræðslunefndar.

**5. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Fjárhagsráð FSu. 27/12´02.
b) Héraðsnefnd Rangæinga 2/1´03.

**6. Samningur við Jón Þórðarson um umsjón með útgáfu fréttabréfs:**
Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 á móti. (H.H., E.V.G.,V.S.)

*Eftirfarandi bókun lögð fram:*
*Við undirritaðir fulltúar minnihlutans hefðum talið eðlilegt að auglýsa eftir umsjónamanni með útgáfu fréttabréfs sveitarfélagsins. Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsosn.*

**7. Starf og starfshlutfall oddvita:**
Valtýr víkur af fundi og tekur ekki þátt í umfjöllun og afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.
Engilbert Olgeirsson, varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

Sigrún Ólafsdóttir kemur inn á fundinn sem varamaður Valtýs.

Fulltrúar D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra leggja fram eftirfarandi tillögu:

*Tillaga um starf og starfshlutfall oddvita, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra. 2. desember 2002 og 6. janúar 2003:*

*Lagt er til að oddviti starfi við stjórnsýslu sveitarfélagsins í samstarfi við sveitarstjóra og að starfshlutfall hans verði 60%.*

*Ráðningartími skv. framanrituðu verði frá og með 1. desember 2002 og til og með 31. desember 2003, þó með fyrirvara um endurskoðun ef aðstæður breytast fyrir þann tíma.*

*Launakjör oddvita verða; 60% af launum sveitarstjórans að meðtalinni yfirvinnu.*

*Vegna aksturs í starfi greiðist bifreiðastyrkur fyrir 1000 kílómetra á mánuði.*

*Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri.*

*Greinargerð:*
*Í ljósi þess að Rangárþing ytra er nýtt sveitarfélag sem eðlilega er í mótun núna og næstu mánuði er nauðsynlegt að nýta starfskrafta oddvita sveitarfélagsins um skeið, eða þangað til endanleg útfærsla á skipuriti og stjórnsýslu liggur fyrir. Það er einnig ljóst að ekki hefur ennþá verið ráðið til starfa starfsfólk sem mun taka afmörkuð verkefni innan stjórnsýslu hins nýja sveitarfélags. Einungis er búið að auglýsa eina stöðu og ákvarða um ráðningu hennar, en það er starfsmaður eignaumsjónar.*
*Tillaga þessi gengur út á það að oddviti verði ráðinn í hlutastarf, eða 60% starf, tímabundið. Tímaramminn er settur að hámarki til ársloka 2003. Stefnt verður að því að ráðning annarra starfsmanna verði lokið á þessu ári 2003 og þeir farnir að nýtast til fulls innan þessa tímaramma. Eðlilega verður tillit tekið til þessara þátta og oddviti reiðubúinn að endurskoða þetta ráðningarform fyrr á árinu ef vel gengur með mótun stjórnsýslunnar.*

***Starfsverkefni oddvita verða eftirfarandi:***
- *Viðtalstímar á Hellu, Þykkvabæ og Laugalandi.*
- *Mótun og gerð skipurits ásamt verkefnaniðurröðun fyrir stjórnsýslu Rangárþings ytra.*
- *Mótun og áætlanagerð eignaumsjónar í samstarfi við nýjan starfsmann eignaumsjónar.*
- *Stuðningur og samstarf við undirnefndir og formenn nefnda. Sérstaklega mætti nefna atvinnumál uns fundinn hefur verið flötur á fyrirkomulagi við ráðningu atvinnu- og ferðamálafulltrúa.*
- *Mótun tillagna um starfsmannastefnu og gerð erindisbréfa fyrir nefndir og starfsmenn.*
- *Einstök verkefni í samstarfi við sveitarstjóra eftir tilefnum hverju sinni.*
- *Önnur oddvitastörf, ótilgreind og tilfallandi.*

*Að öðru leyti vísast til tillögu sem lögð var fram á sveitarstjórnarfundi þann 2. desember 2002 (6. liður fundargerðar) af Guðmundi Inga Gunnlaugssyni sveitarstjóra.*

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 á móti. (H.H., E.V.G., V.H., L.B.)

Eftirfarandi bókun lögð fram:
**Bókun vegna tillögu sveitarstjóra og greinargerðar fulltrúa D-lista um starf og starfshlutfall oddvita Rangárþings ytra.**
*Undirritaðir fulltrúar minnihlutans gera eftirfarandi athugasemdir við tillögu sveitarstjóra og greinargerð meirihlutans um starf og starfshlutfall oddvita.*
*Hvað varðar viðtalstíma þá er það álit minnihlutans að það sé eitt af hlutverkum sveitarstjóra og oddvita að vera til viðtals fyrir þegna sveitarfélagsins.*
*Hvað varðar mótun og gerð skipurits fyrir stjórnsýslu Rangárþings ytra þá var skipuð nefnd á 5. fundi Hreppsráðs,( fimmtudaginn 8. ágúst 2002, sjá fundargerð, 6. lið.)sem hafði það hlutverk að koma með tillögur um þetta efni.* ***Sú nefnd hefur ekki enn verið kölluð saman af oddvita.***
*Hlutverk nýráðins starfsmanns eignaumsjónar er samkvæmt starfslýsingu m.a. mótun og áætlanagerð vegna umsjónar og viðhalds á eignum sveitarfélagsins.* ***Er þörf á enn frekari mannafla í þennan málaflokk ?***
*Hvað varðar önnur verkefni oddvita samkv. tillögu meirihluta þá falla þau að áliti minnihutans, undir verksvið sveitarstjóra, oddvita og sveitarstjórnar. Það er því niðurstaða undirritaðra fulltrúa minnihlutans að ef þörfin á aðstoð við stjórnunar- og skrifstofustörf sveitarfélagsins er eins brýn, og tillaga meirihlutans gefur til kynna þá sé eðlilegra að auglýsa eftir starfskrafti.* ***Miðað við þau launakjör sem verið er að bjóða oddvita fyrir 60% starf þá mætti ráða allt að 3 almenna skrifstofumenn eða þá ef betra þætti háskólamenntaða starfsmenn í 100-150% starfshlutfall með fastri viðveru á skrifstofu sveitarfélagsins.***

*Með tilliti til þess að oddviti á nú þegar sæti í rúmlega 20 nefndum og stjórnum á vegum sveitarfélaganna á Suðurlandi og einnig vegna þess að þar innanborðs eru mörg mjög stór og viðamikil embætti, ( formaður SASS, formaður héraðsnefndar Rangæinga, formaður eignaumsýslu Rangárþings ytra, oddviti, hreppsráðsmaður og hreppsnefndarmaður í Rangárþingi ytra svo eitthvað sé nefnt ) þá er það álit okkar að ráðning oddvita muni ekki skila sér til hagsbóta fyrir Rangárþing ytra, heldur sé hér um hreinan pólitískan gjörning að ræða sem alfarið er á ábyrgð meirihlutans, ásamt þeim stóraukna kostnaði við yfirstjórn sem þessu fylgir. Kostnaði sem er algjörlega úr takti við gefin fyrirheit, í aðdraganda sameiningar sveitarfélaganna, um sparnað í yfirstjórn og hagræðingu í rekstri.*
*Samkvæmt okkar vitneskju þá eru engin fordæmi fyrir ráðningu sem þessari í öðrum sambærilegum sveitarfélögum.*
*Í ljósi áðurnefndra staðreynda þá greiðum við undirritaðir fulltrúar minnihlutans atkvæði gegn þessari tillögu meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra.*

***Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Viðar Steinarsson, Lúðvík Bergmann.***

Valtýr kemur aftur inn á fundinn og tekur við stjórn hans.

**8. Tillaga að álagningarpósentum, gjaldskrám og afsláttarreglum vegna fasteignagjalda fyrir árið 2003:**
Lögð fram tillaga um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár fyrir árið 2003 sem frestað var á hreppsráðsfundi 28/11´02.

Eftirfarandi breytingartillaga lögð fram:
***Gjaldskrármál: Varðar lækkun á sorphirðugjaldi.***
*Breytingartillaga við tillögu sveitarstjóra að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra fyrir árið 2003. Lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 6. janúar 2003, af undirrituðum fulltrúum í Sveitarstjórn Rangárþings ytra.*
*Í bæklingi er gefinn var út fyrir sameiningar kosningarnar þann 16. mars 2002 var talað um að hagræðingu vegna sameiningar ætti að nýta til hagsbóta fyrir íbúana.*
*Við teljum að tillaga sveitarstjóra sé úr takti við þau áform.*
*Til að staðið verði að einhverju leyti við þau fyrirheit sem gefin voru í umræddum sameiningarbæklingi leggjum við til að álögð sorphirðugjöld á almenna íbúa (liðir A og B) verði lækkuð um 50% frá því sem gert er ráð fyrir í tillögu sveitarstjóra.*
( Rétt er að taka fram til skýringar að sl. 2 ár voru ekki lögð á sorphirðigjöld í fyrrverandi Djúpárhreppi)
*Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á fyrirliggjandi tillögu sveitarstjóra:*
*a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli mv. 1 poka á viku kr. 4.533 (Var kr. 9.065)*
*b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki kr. 2.267 (Var kr. 4.533)*
*Tillaga sveitarstjóra að öðru leyti samþykkt óbreytt.*
*Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Viðar Steinarsson, Lúðvík Bergmann.*

Samþykkt samhljóða að vísa báðum tillögunum til hreppsráðs til lokaafgreiðslu.

**9. Héraðsnefnd Rangæinga - skipan í Héraðsvökunefnd 2003:**
Lagt fram bréf frá Héraðsnefnd Rangæinga dagsett 6/12´02, þar sem greint er frá samþykktri tillögu um að Héraðsvaka 2003 verði í höndum Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Eftirtaldir tilnefndir í Héraðsvökunefnd frá Rangárþingi ytra:
Jón Þórðarson, Halldóra Þorvarðardóttir og Ragnheiður Jónasdóttir, aðalmenn og Halldóra Hafsteinsdóttir, Óli Már Aronsson og Gísli Stefánsson, varamenn. Jóni Þórðarsyni verði falið að kalla nefndina saman.

Samþykkt samhljóða.

**10. Skipan í stjórn Héraðsbókasafns Rangæinga:**
Tilnefndar eru: Anna Helga Kristinsdóttir, aðalmaður og Anna Björg Stefánsdóttir, varamaður. Samþykkt samhljóða.

**11. Landgræðsla ríkisins - lýsing gatna, gangstíga og bifreiðastæða og breikkun vegar.**
Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins dagsett 20/12´02, þar sem Landgræðslan fer fram á framlag og samstarf til að bæta lýsingu í Gunnarsholti.
Einnig er lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 20/12´02, þar sem farið er fram á breikkun á vegi nr. 2738-01 og endurgerð á slitlögn.
Erindunum vísað til samgöngunenfndar.
Samþykkt samhljóða.

**12. Kaupsamningur og afsal vegna sölu lóðar úr landi Minni-Valla:**
Lagður fram kaupsamningur og afsal á lóð í landi Minni-Valla, milli Karls Sigurðssonar og Fjólu Hjartardóttur annas vegar og Ásgeirs og Óskars Auðunssona hins vegar.
Samþykkt samhljóða og fallið frá forkaupsrétti.

Heimir vék af fundi.

**13. Ellert Þór Benediktsson, dýralæknir - lausaganga hrossa:**
Lögð fram opinber kvörtun frá Ellert Þór Benediktssyni, dýralækni, dagsett 23/12´02, vegna lausagöngu hrossa í sveitarfélaginu.

***Tillaga lögð fram á fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra 6. janúar 2003:***
*Við undirritaðir leggjum til að samþykkt verði bann við lausagöngu búfjár í Rangárþingi ytra.*
*Greinagerð:*
*Með því að samþykkja nú bann við lausagöngu búfjár er í raun verði að samræma reglur í nýju sveitarfélgi hvað þetta varðar.*
*Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Viðar Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann.*

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu á tillögu um bann við lausagöngu búfjár og fela samgöngunefnd að vinna að málinu.

**14. Hreppsnefnd Ásahrepps - tilmæli um framkvæmdir í vatnsveitumálum:**
Lagt fram bréf frá Jónasi Jónssyni, oddvita Ásahrepps, dagsett 18/12´02, þar sem þeim eindrægu tilmælum er beint til sveitarstjórnar Rangárþings ytra að hafin verði vinna við sameiginlega vatnsveitu hreppanna og gert sé ráð fyrir þeim framkvæmdum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2003.
Samþykkt samhljóða að fela samráðsnefnd við Ásahrepp að vinna að málinu.

**15. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
Samband íslenskra sveitarfélaga 16/12´02 - námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn 15.-16. og 22.-23. febrúar 2003.
Til kynningar.

**16. Annað kynningarefni:**
a) Arðskrá fyrir Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár.
b) Afrit af bréfi Foreldrafélags Heklukots til fræðslunefndar Rangárþings ytra 4/12´02.
d) Skógræktarfélag Rangæinga 29/12´02 - þakkir og yfirlit yfir starfið árið 2002.
e) Félagsmálaráðuneytið 11. og 16/12´02 - ýmis gögn vegna breytinga á lögum um húsaleigubætur og greiðslu húsaleigubóta til fatlaðra sem búa á sambýlum.
f) Ungmennafélag Íslands 10/12´02 - áskorun um aðstöðu aldraðra í íþróttahúsum.
g) Landgræðsla ríkisins - almenn kynning á verkefnum Landgræðslunnar og kynning á landgræðsluverkefnum í Rangárvallasýslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00.
Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.